# FRÉTTABLAÐIÐ

193. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 17. ÁGÚST 2016


# Launamunur vegna uppruna kannaður

**Til stendur að athuga hvort munur sé launum innflytjenda og annarra Íslendinga. Framkvæmdastjóri Rauða krossins segist vita þess mörg dæmi en nauðsynlegt sé að fá haldbær gögn í hendurnar. Hún segir vanþekkingu og ótta ríkja gagnvart þessum hópi.**

**VINNUMARKAÐUR** „Konur af erlendum uppruna eru í verstri stöðu á vinnumarkaði, við höfum áhyggjur af launamun, vinnuaðstöðu og fordómum gegn innflytjendum og viðkvæmum hópi flóttamanna og hælisleitenda,“ segir Kristín Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda er greint frá áformum um launagreiningu á íslenskum vinnumarkaði þar sem kanna á hvort marktækur munur sé á launum sem ekki skýrist af öðru en uppruna.

Tiltekið er að Hagstofan, sem vinnur reglulega launagreiningar í samstarfi við aðila vinnumarkaðar, til dæmis greiningu á launamun kynjanna, eigi að framkvæma athugunina.

Rannsókn á launamun eftir uppruna er afar mikilvæg að sögn Kristínar.

„Við vitum þetta, það eru svo mörg dæmi um þetta, en verðum að fá tölfræðigögn í hendurnar til að vinna með. Þetta er ný breyta í íslensku samfélagi,“ segir hún.

Kristín segir mikilvægt að það sé samstaða um að uppræta mismunun gagnvart þessum hópi í íslensku samfélagi.

„Það er vanþekking og ótti ríkjandi gagnvart þessum hópi. Við verðum fyrst og fremst að koma í veg fyrir vinnuþrælahald en í ört vaxandi atvinnugrein á við ferðamannaiðnað hafa kraftar innflytjenda verið misnotaðir eins og dæmin sanna. Það verður að vera samstaða um það í samfélaginu að við gagnrýnum og upprætum mismunun gagnvart þessum hópi og misnotkun á aðstæðum hans,“ segir Kristín.

> **Við verðum fyrst og fremst að koma í veg fyrir vinnuþrælahald en í ört vaxandi atvinnugrein á við ferðamannaiðnað hafa kraftar innflytjenda verið misnotaðir eins og dæmin sanna**
>
> Kristín Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins



**» Hagstofan mun gera rannsókn á launamun eftir uppruna.**

Hún bendir á að á vinnumarkaði séu gjörbreyttar aðstæður. Það hafi orðið bylting á síðustu árum og atvinnuframboð með mesta móti. Því þurfi að búa betur að innflytjendum því annars verði þeir undir.

„Staðreyndin er sú að það eru miklir fordómar gagnvart innflytjendum á vinnumarkaði. Fordómar hefta atvinnumöguleika, framgang og möguleika fólks í starfi“, segir Kristín og bætir við að aðilar vinnumarkaðar þurfi að taka á sig tilskilda ábyrgð.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Ríflega fimmtíu milljónir hafa safnast í áheit á hlaupara Reykjavíkurmaraþonsins. Víða má sjá unga sem aldna æfa sig fyrir stóra daginn sem er næstkomandi laugardag, til að mynda þessa spræku hlaupara. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Liam fékk sér átta rétta smakk

**LÍFIÐ** One Direction-meðlimurinn Liam Payne er staddur á landinu um þessar mundir og sást á Grillmarkaðnum á mánudaginn þar sem hann gæddi sér á átta rétta smakkseðli staðarins ásamt stórum hópi fylgdarfólks.



Heimildir Fréttablaðsins herma að hann sé mögulega á landinu til að taka upp tónlistarmyndband en hvort aðrir meðlimir hljómsveitarinnar séu með í för eða hvort um sólóverkefni er að ræða er ekki vitað. – sþh / sjá síðu 30

## Fangar taka þátt í maraþoni

**MARAÞON** Tíu fangar á Kvíabryggju ætla að hlaupa maraþon á Menningarnótt á sama tíma og Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram.

Fangarnir munu hlaupa 42,2 kílómetra í boðhlaupi. Markmiðið er að safna peningum til styrktar Afstöðu, félagi fanga en hægt er að heita á fangana í gegnum Facebook-síðu Afstöðu.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga og fangi á Kvíabryggju, segir fangana spennta fyrir komandi áskorun. Þeir hafi margir hverjir æft stíft um nokkurn tíma en þeir munu hlaupa innan svæðisins og fangaverðir munu keyra á eftir þeim.

„Ég held að það sé gríðarleg spenna hjá fangavörðunum að fá að keyra á eftir okkur þarna,“ segir Guðmundur. – ngy / sjá síðu 2

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Letterpress er sex ára. Velta hönnunarstofunnar hefur aukist um sextíu prósent á árinu.



**SKOÐUN** Svandís Svavarsdóttir skrifar um að vegið sé að jafnrétti til náms. 14

**SPORT** Aníta fann andann í Ölpunum. 16

**MENNING** Feðgin opna sýninguna Pensill, nál og hnífur. 22

**LÍFIÐ** Æskuvinir vekja skemmtistað til lífsins. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg suðaustlæg átt og skúrir eða dálítil rigning sunnan- og vestanlands en léttir smám saman til um landið norðanvert. Áfram hlýtt í veðri, einkum fyrir norðan.
SJÁ SÍÐU 20



Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stendur sína plikt fram að starfslokum

**REYKJAVÍK** „Ég mun standa mína plikt þangað til ég fer. Það eru mjög fáir borgarfulltrúar sem hafa mætt jafn vel og ég á þá fundi sem þeim ber að mæta á,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem mun láta af störfum tuttugasta september næstkomandi þegar hún flytur til Hollands.

Sóley mun þangað til fljúga á milli landa til að sækja fundi. „Það verða kannski einhverjar afleysingar í borgarráði og ég hefði viljað kjósa Líf [Magneudóttur] inn í borgarráð fyrir mig en það er víst ekki hægt. Að öðru leyti mun ég sinna mínum störfum,“ segir Sóley.

Hún segist þó þurfa að klára ákveðin mál áður en hún fer. „Svo sem eins og afgreiðslu á frístundastefnu sem hefur verið unnin núna á undanförnum tveimur árum. Við klárum hana í borgarstjórn áður en ég hætti,“ segir Sóley.

Líf Magneudóttir mun koma til með að leysa Sóleyju af í borgarráði og taka sæti hennar í borgarstjórn þegar þar að kemur. „Þetta er vissulega dálítið púsluspil fyrir okkur en við ráðum náttúrulega fram úr því eins og best verður á kosið. Að öðru leyti þarf hún að svara fyrir það hvernig hún háttar sínum starfslokum,“ segir Líf. – **þea**

## Hundurinn Perla brann inni



**Hundurinn Perla gerði nágrönnum viðvart um eld sem kviknaði í stofu í einbýlishúsi á Seltjarnarnesi í gær. Húsráðendur voru ekki heima og byrjuðu því nágrannar slökkvistörf með garðslöngu þar til slökkviliðið mætti á staðinn. Ekki náðist að bjarga hinum fimmtán ára fjölskylduhundi úr eldinum í tæka tíð og er því missir fjölskyldunnar ekki eingöngu bundinn við eignir, en gífurlegt tjón varð vegna elds og reyks.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bræður í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur yfir tveimur bræðrum sem grunaðir eru um að hafa skotið úr haglabyssu á bíl við söluturn í Iðufelli í Breiðholti föstudagskvöldið 5. ágúst síðastliðinn.

Bræðurnir verða í gæsluvarðhaldi til 9. september að minnsta kosti, vegna almannahagsmuna.

Fram kemur í úrskurði héraðsdóms að bræðurnir hafi stofnað lífi og heilsu fólks í augljósa hættu með háttsemi sinni.

Annar bróðirinn var handtekinn þann 6. ágúst og játaði hann við skýrslutöku að hafa verið á vettvangi þann sama dag og skotið úr byssunni.

Hinn bróðirinn var svo handtekinn 8. ágúst en samkvæmt úrskurði héraðsdóms áréttar aðstoðarsaksóknari að af gögnum málsins megi ráða að komið hafi til átaka á milli bræðranna og hóps annars fólks. – **skh**




# Fangar á Kvíabryggju taka þátt í maraþoni

**Tíu fangar á Kvíabryggju ætla að hlaupa maraþon á Menningarnótt. Misjafnt hvað hver fangi hleypur langt. Safnað er fyrir Afstöðu, félagi fanga. Fangaverðir keyra á eftir föngunum sem hlaupa eingöngu innan Kvíabryggjusvæðisins.**

**MARAÞON** Fangar í fangelsinu á Kvíabryggju munu hlaupa maraþon á Menningarnótt á sama tíma og Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram. Fangarnir munu hlaupa 42,2 kílómetra í boðhlaupi. Um tíu fangar taka þátt en 23 fangar eru á Kvíabryggju.

Markmið fanganna er að safna peningum til styrktar Afstöðu, félagi fanga. Afstaða er fræðslu- og hagsmunafélag fanga og annarra áhugamanna um fangelsismál. Markmið félagsins er að stuðla að betrun í afplánun og upplýsa fanga, aðstandendur, almenning og stjórnvöld um framgang í forvarnarstarfi og nýjungar í betrunarmálum.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga og fangi á Kvíabryggju, segir fangana spennta fyrir komandi áskorun. Þeir hafi margir hverjir æft stíft um nokkurn tíma. „Það verður mismunandi hvað hver fangi mun hlaupa mikið því þeir eru auðvitað í misjöfnu formi,“ segir hann.

Hann segir góða aðstöðu fyrir fanga á Kvíabryggju til að hreyfa sig úti. Það sama gildi um fangelsið að Sogni. „Ýmsu er hins vegar mjög ábótavant í lokuðu fangelsunum og við myndum vilja sjá breytingar á því,“ segir Guðmundur og á við Litla-Hraun og fangelsið á Akureyri. „Það er ekki bara aðstaðan sem er slæm heldur er útivistartíminn einnig stuttur og því erfitt að nýta hann í hreyfingu.“

Guðmundur segir að Afstaða vilji að hreyfing og líkamsrækt fanga verði sett á hærra plan og notuð sem tæki í betrun. „Það hefur auðvitað áhrif og kemur mönnum í betra andlegt og líkamlegt form.“



**Fangar hafa æft stíft fyrir maraþonið á Menningarnótt.**

> **Ég held að það sé gríðarleg spenna hjá fangavörðunum að fá að keyra á eftir okkur þarna.**

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga og fangi á Kvíabryggju



Afstaða reiðir sig eingöngu á frjáls framlög og fara allir fjármunir til daglegs reksturs félagsins. Félagið fær engin fjárframlög frá Fangelsismálastofnun eða ríkinu. „Við ákváðum að slá til. Allar upplýsingar um styrktarreikninginn eru á Facebook-síðu Afstöðu og er þar hægt að heita á okkur. Öll framlög eru hjartanlega vel þegin.“

Fangaverðir á Kvíabryggju munu keyra á eftir föngunum í maraþoninu. „Við hlaupum bara innan svæðisins og förum ekki upp á þjóðveginn. Við þurfum því að fara nokkra hringi en hver hringur er ellefu kílómetrar. Ég held að það sé gríðarleg spenna hjá fangavörðunum að fá að keyra á eftir okkur þarna,“ segir Guðmundur og hlær.

**nadine@frettabladid.is**

# 25% AFSLÁTTUR ALLAR NÝJAR SKÓLABÆKUR!

# SÍÐASTI DAGURINN Í DAG!

KOMDU NÚNA!



GOTT VERÐ!



30% vildar-afsláttur

**Skrúfblýantur 0,5**
VILDARVERÐ: 188.-
Verð: 269.-

## ALLAR EASTPAK SKÓLATÖSKUR

30% vildar-afsláttur



**Skólataska svört og fóðruð**
VILDARVERÐ: 9.799.-
Verð: 13.999.-



**Skóla-/Tölvutaska**
VILDARVERÐ: 16.449.-
Verð: 23.499.-



**Skóla-/Tölvutaska**
VILDARVERÐ: 15.399.-
Verð: 21.999.-



39% vildar-afsláttur

**Vasareiknir Casio FX-350ES**
VILDARVERÐ: 1.799.-
Verð: 2.949.-



30% vildar-afsláttur

**Tússlitur - Fineliner (stakur)**
VILDARVERÐ: 244.-
Verð: 349.-



30% vildar-afsláttur

**Tússlitir - Fineliner (10+3 stk.)**
VILDARVERÐ: 2.442.-
Verð: 3.489.-



30% vildar-afsláttur

**Skólataska - Beckmann**
VILDARVERÐ: 13.299.-
Verð: 18.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Skólabókatilboð gildir aðeins 17. ágúst. Vildartilboð gilda frá 17.ágúst, til og með 18. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Enn óvissa um staðsetningu skólans

**LÖGREGLAN** Menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson, hefur enn ekki tekið ákvörðun um hvar lögreglunám á háskólastigi fer fram. Valnefnd Ríkiskaupa skilaði tillögum sínum inn til Ríkiskaupa fyrir um tveimur vikum.

„Málið liggur þannig að Ríkiskaup hafa skilað inn til ráðuneytisins gögnum og niðurstöður verða kynntar fyrir Illuga annaðhvort á morgun [í dag] eða hinn [á morgun]. Verið er að reyna að vinna þetta eins hratt og hægt er innan ráðuneytisins. Við fengum þetta í hendurnar í júní og höfum unnið þetta mál mjög hratt svo vel megi vera,“ segir Sirrý Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar.

„Með þessu vonumst við að hægt verði að fá niðurstöðu í málið í lok vikunnar og ef vel er haldið á spöðunum er hægt að taka inn lögreglunema í haust. Við allavega vonumst til þess,“ bætir Sirrý við.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir skólann í stakk búinn að taka á móti lögreglunemum þó langt sé liðið á ágústmánuð. „Ég er ofboðslega stoltur af umsókn okkar í HA um námið. Við stilltum því upp þannig að við gætum verið að taka inn lögreglunema út septembermánuð til að aðstoða hið opinbera í þessum efnum. Við vitum að vinna þarf málið hratt. Nú bíðum við bara eftir niðurstöðu ráðherra og teljum okkur vel í stakk búin til að taka við náminu,“ segir Eyjólfur.

Þegar ákveðið verður hvaða skóli tekur við náminu mun fara í gang umsóknarferli sem tekur einhvern tíma og nemar gætu því þurft að flytjast búferlum á stuttum tíma ætli þeir sér að menntast til lögreglumanns á næsta vetri. **– sa**




**Lögreglunemar vita ekki hvert þeir eiga að mæta í haust.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Kristófer, formaður Stúdentaráðs, segir ráðið vilja sjá breytingar á greiðslum.** MYND/HAAKON BRODER LUND

## Almennt ánægja hjá Stúdentaráði

**MENNTAMÁL** Kristófer Már Maronsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir meðlimi ráðsins almennt ánægða með nýtt frumvarp menntamálaráðherra um námslán og námsstyrki.

Ráðið hefur unnið að umsögn um frumvarpið. Kristófer segir ánægju vera meðal annars með þær breytingar að aðgreina styrktarkerfi og lánskerfi. Hann segir að ráðið sé fyrst og fremst málsvari nemenda Háskóla Íslands en að almennt virðist ríkja ánægja með frumvarpið.

„Ég veit að þau hjá Háskólanum í Reykjavík og Akureyri eru líka sátt. Mér sýndist á umsögn frá Bifröst að þau séu ánægð líka,“ segir Kristófer en bætir við að Stúdentaráð krefjist þó nokkurra breytinga.

Helstu breytingarnar séu meðal annars að námslán verði greidd út mánaðarlega eins og á öðrum Norðurlöndum. Þá vill stúdentaráð að lánað verði fyrir að minnsta kosti 540 ects-einingum en ekki 420 eins og stendur í frumvarpinu.

„Við leggjumst einnig gegn því að það verði sett þak á námslán og teljum það ekki vera nauðsynlegt,“ segir Kristófer Már. **– ngy**

# Gengur afar illa að manna störf

**Erfitt er að fá starfsfólk í fjölmörg störf á Íslandi. Þetta staðfesta framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hagfræðingur ASÍ, formaður RSÍ og formaður MATVÍS. Fleiri atvinnurekendur þurfa að leita til útlanda.**

**SAMFÉLAG** Verulegur skortur er á starfsfólki á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þetta staðfesta framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands og formaður Matvæla- og veitingafélags Íslands.

„Þetta er staðreynd sem við erum að glíma við eftir þessa kröftugu uppsveiflu. Það er þegar farið að gera verulega vart við sig að það skortir starfsfólk á fjölmörgum sviðum í samfélaginu,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það er mikil þörf á starfsfólki í þjónustu- og iðnaðargeiranum. Kosturinn er hins vegar sá að við erum með aðgang að sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði og það er auðvelt að fá fólk hingað til lands frá evrópska efnahagssvæðinu,“ segir hann og bætir við að það hafi stóraukist að fólk komi til Íslands að vinna. Vinnumarkaðurinn á Íslandi sé einfaldlega ekki nógu stór til að anna eftirspurninni. Vandinn verði ekki leystur öðruvísi.

„Við þekkjum það að það hefur gengið illa að ráða. Vöxturinn er mikill og margir sem þurfa fólk í vinnu,“ segir Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ, og tekur undir það að mest vanti starfsfólk í þjónustu- og iðnaðarstörf. „Aðallega í mannvirkjagerð og ferðaþjónustu. Við höfum áhyggjur af þessu enda er vöxturinn of hraður og meiri en það sem við getum skaffað. Til dæmis er skortur á bílstjórum með meira próf,“ segir Róbert.

Níels Sigurður Olgeirsson, formaður MATVÍS, segir að gengið hafi erfiðlega fyrir veitingahús á landinu að ráða í störf. „Þetta er orðið eins og við höfum varað við í einhvern tíma. Við höfum verið að markaðssetja landið án þess að undirbúa innviðina,“ segir Níels.

Veitingahúsaeigendur hafa verið að ráða útlendinga eða ungt fólk með enga reynslu í matreiðslu- og þjónastörf en Níels segir að verið sé að vinna í því að koma þessum störfum á hærri stall og vekja athygli á þeim. „Áður fyrr var þjónninn vinsælt starf og við leitum leiða til að athuga hvað sé hægt að gera til að gera störfin meira aðlaðandi,“ segir hann.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, segir eftirspurn eftir rafiðnaðarmönnum meiri en framboð. Ástæðan sé margþætt, til dæmis fjölgun ferðamanna og uppsveifla í efnahagslífinu

„Það er gríðarlegur fjöldi af verkefnum sem þarf að sinna. Okkar menn eru til dæmis í því að stækka flugstöðina sem er endalaust verið að stækka. Menn hlaupa ekkert að því að fá fólk í vinnu,“ segir Kristján og útskýrir að margir hafi farið til Noregs eftir hrun en hafi enn ekki komið til baka. „Ekki í eins miklum mæli og við hefðum viljað.“ **nadine@frettabladid.is**



**Mest vantar starfsfólk í þjónustu- og iðnaðarstörf.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Kosturinn er hins vegar sá að við erum með aðgang að sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði.**



Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

> **Við höfum verið að markaðssetja landið án þess að undirbúa innviðina.**



Níels Sigurður Olgeirsson, formaður MATVÍS

LYFJA
– Lifið heil

Lægra verð í Lyfju




15% afsláttur

Afslátturinn gildir af:
204 stk. pökkum
Öllum bragðtegundum
Öllum styrkleikum

Lyfjaauglýsing




# BÓKHALDSNÁM OG TÆKNINÁM

# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

## FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN
– frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.

**VIÐFANGSEFNI**
Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

**STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM**
Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR**
Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

**ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU**
Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

**STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ**
Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Nýherja, Opin Kerfi, Advania og Sensa.

**Hefst 29. og 30. ágúst 2016 • Lýkur í júní 2017**
*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

### AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

| TÆKNINÁM | BÓKHALDSNÁM |
|---|---|
| Í dag | Mánudaginn |
| **17. ágúst kl. 17:30** | **22. ágúst kl. 18:00** |

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námið skiptist í sex hluta:
- **Bókhald – grunnur**
- **Bókaranám fyrir lengra komna**
- **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

**Hefst 5. október • Lýkur í desember 2017**

| STÖK NÁMSKEIÐ | HEFST | SKIPTI |
|---|---|---|
| Bókhald grunnur | 5. okt. | 22 |
| Bókaranám fyrir lengra komna | 15. sept. | 24 |
| Skattskil einstaklinga með rekstur | 30. ág. | 6 |

## FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námskeiða með Fræðsluskýinu.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 162619




COSTA DE SOL

Aguamarina Aparthotel

Frá kr. 78.695
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 78.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
22. ágúst í 10 nætur.




COSTA DE SOL

Stökktu

Frá kr. 69.995
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/hb/st.
Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í íb/hb/st.
22. ágúst í 10 nætur.




MALLORCA

Stökktu

Frá kr. 49.995
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 59.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.
23. ágúst í 7 nætur.




KRÍT

Porto Platanias Village

Frá kr. 119.095
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 119.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 159.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
29. ágúst í 10 nætur.




KRÍT

Omega Apartments

Frá kr. 77.895
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 77.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
29. ágúst í 10 nætur.




Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir




## Brennandi bílar í Malmö



**Bílabrunavargar á ferð** Á mánudagskvöldið var kveikt í bifreiðum á níu stöðum í Malmö í Svíþjóð. Allt gerðist þetta á einum hálftíma, svo lögregla og slökkvilið réðu ekki við neitt. Þetta var ekki í fyrsta skiptið því í allt sumar hafa íkveikjur í bílum verið algengar í Malmö. Sökudólgarnir eru ófundnir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stórt skref í átt að fullri losun fjármagnshafta

**Almenn sátt virðist vera milli stjórnar og stjórnarandstöðu um nýtt fraumvarp um frekari losun fjármagnshafta. Aðeins þeir ríkustu munu finna fyrir fjármagnshöftum eftir að lögin taka gildi. Frumvarpinu verður dreift á Alþingi í**

**ALÞINGI** „Ég er mjög ánægður með þann árangur sem náðst hefur við losun hafta og með þessu frumvarpi eru stigin veigamikil skref í átt að fullri losun hafta. Þetta er eðlilegt framhald af aflandskrónuuppboðinu sem fram fór í sumar og liður í afnámsáætluninni sem var kynnt í júní 2015,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra um frumvarp um losun fjármagnshafta sem hann kynnti í gær ásamt Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra.

Að mati þeirra mun meginþorri alls almennings ekki finna fyrir höftum eftir að ný lög taka gildi og telja þeir einungis ríkustu einstaklingana verða vara við höft eftir að þessi skref hafa verið tekin.

„Við reiknum með að málum sem komið hafa til Seðlabankans fækki um tvo þriðju með þessum breytingum og að málsmeðferðartími þeirra mála sem verða eftir styttist til muna,“ bætir Bjarni við.

Sigurður Ingi Jóhannsson sagði í upphafi fundar að átta ár í fjármagnshöftum væru átta árum of mikið en með þessu ættu höftin að

> Við reiknum með að málum sem komið hafa til Seðlabankans fækki um tvo þriðju með þessum breytingum
>
> Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra



> Það er í sjálfu sér ánægjulegt að afnám hafta og áætlunin skuli ganga eftir
>
> Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar



mestu að vera úr sögunni fyrir allan meginþorra fólks.

Frumvarpið var samþykkt í ríkisstjórn í gær og kynnt í þingflokkum stjórnarflokkanna. Einnig var fundað í samráðsnefnd allra flokka um losun fjármagnshafta þar sem frumvarpið var til umræðu. Dreifa á frumvarpinu í þinginu í dag.

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar í samráðsnefndinni, segir þetta ánægjuleg skref í rétta átt.

„Þau eru öll í samræmi við það sem við lögðum upp með í áætluninni um afnám hafta árið 2011 og við í Samfylkingu höfum haft það fyrir reglu að styðja öll skref í þá átt að framfylgja þeirri áætlun hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu,“ segir Árni Páll. „Það er í sjálfu sér ánægjulegt að afnám hafta og áætlunin skuli ganga eftir og að við séum komin þetta langt.“

Verði frumvarpið að lögum verður aðeins lítill hluti hafta enn við lýði og Seðlabankinn getur í leiðinni fylgst náið með útflæði fjármagns og gripið inn í ef þurfa þykir.

sveinn@frettabladid.is




## NÝR CITROËN BERLINGO

Með Citroën Berlingo færð þú frábæra vinnuaðstöðu og gott aðgengi fyrir farm og farþega. Í Berlingo eru þrjú sæti í góðri stærð og hægt er að koma tveimur Euro-vörubrettum auðveldlega fyrir í hleðslurýminu. Til að flytja lengri hluti er framsætið og öryggisgrindin (tvískipt) felld niður. Bluetooth símabúnaður og fjöldi geymsluhólfa ásamt vinnuborði á niðurfellanlegu miðjusætinu gera Berlingo að frábærum félagsskap í vinnunni.

**FRÁ 2.790.000 KR. MEÐ VSK**
**FRÁ 2.250.00 KR. ÁN VSK**

Komdu í Brimborg og reynsluaktu nýjum Citroën Berlingo. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

- 850 kg burðargeta
- 3,3 $m^3$ - 4,1 $m^3$ hleðslurými
- Þriggja sæta
- 180° opnun á afturhurðum
- Rennihurð á hlið
- Sparneytin og öflug dísilvél
- Bluetooth símabúnaður
- Spólvörn
- Stöðugleikastýring
- Hiti í bílstjórasæti
- Hraðastillir
- Gúmmímotta í hleðslurými

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**Donald Trump í ræðustól í Ohio á mánudag.** NORDICPHOTOS/AFP

# Trump vill kaldastríðskannanir

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forsetaefni Repúblikanaflokksins, vill láta kanna skoðanir allra innflytjenda til Bandaríkjanna til að útiloka að þeir séu hlynntir hryðjuverkasamtökum eða hafi fjandsamleg viðhorf í garð Bandaríkjanna.

Hann líkti þessu við „hugmyndafræðilega bakgrunnskönnun“ sem stunduð var í Bandaríkjunum á tímum kalda stríðsins, en sagðist sjálfur kalla þetta öfgakönnun.

„Við ættum ekki að hleypa neinum inn í landið nema þeim sem aðhyllast gildismat okkar,“ sagði hann í ræðu á mánudag þar sem hann gerði grein fyrir áformum sínum um að loka landinu fyrir öllu fólki, sem hugsanlega gæti reynst hættulegt.

> Við ættum ekki að hleypa neinum inn í landið nema þeim sem aðhyllast gildismat okkar.
>
> Donald Trump, forsetaefni repúblikana

„Strax og ég tek við embætti þá mun ég biðja utanríkisráðuneytið og heimavarnaráðuneytið um að gera lista yfir þau svæði, þar sem ekki er hægt að kanna einstaklinga nægilega vel,“ sagði Trump í ræðu sinni. „Við munum hætta að afgreiða vegabréfsáritanir frá þessum svæðum þangað til ætla má að það verði óhætt í ljósi nýrra aðstæðna eða nýrra aðferða.“

Í leiðara bandaríska dagblaðsins The New York Times er ræða Trumps gagnrýnd. Er hún meðal annars sögð samansafn af ruglingslegum og tilviljanakenndum hugmyndum sem sýni ekki mikinn skilning á uppgangi Íslamska ríkisins.– **gb**

# 15 látnir lausir úr Guantanamo

**Tólf Jemenar og þrír Afganar hafa verið sendir til Sameinuðu arabísku furstadæmanna frá fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu. Sumir hafa verið meira en 14 ár í fangelsi án þess að hafa nokkru sinni verið ákærðir.**

**BANDARÍKIN** Bandaríkjastjórn skýrði frá því á mánudag að 15 fangar hafi verið látnir lausir og fluttir frá Guantanamo-búðunum á Kúbu. Þeir voru allir fluttir til Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

Tólf þeirra eru frá Jemen en þrír frá Afganistan.

Enn situr þá 61 fangi eftir í búðunum. Margir þeirra hafa verið hafðir þar í haldi í meira en fjórtán ár án þess að hafa nokkru sinni verið ákærðir fyrir afbrot af neinu tagi.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hét því, þegar hann komst til valda fyrir nærri átta árum, að láta það verða eitt sitt fyrsta verk að loka fangabúðunum í Guantanamo.

Hann sagði fangabúðirnar grafa undan stöðu Bandaríkjanna í heiminum. Hann hefur ítrekað þessa afstöðu sína, nú síðast í febrúar þegar hann hvatti Bandaríkjaþing til þess að láta nú loks verða af því að loka fangabúðunum. Í staðinn fyrir að bandaríska réttarríkið geti verið fyrirmynd öðrum þjóðum þá þurfa Bandaríkjamenn enn, fimmtán árum eftir árásirnar 11. september, „enn þá að réttlæta tilvist fangabúða og réttarfars sem hefur ekki getið af sér einn einasta dómsúrskurð varðandi þessar árásir“.

Andstaða þingsins hefur hins vegar orðið til þess að honum hefur ekki tekist að loka búðunum. Til þess að taka ákvörðun um lokun búðanna þarf meirihluta atkvæða í báðum þingdeildum, en Repúblikanaflokkurinn hefur haft meirihlutann, fyrst í fulltrúadeildinni einni en síðan í þeim báðum, og er á móti lokun búðanna.

Sumir repúblikanar segja mikilvægt að hafa þessar fangabúðir opnar áfram utan bandarískrar lögsögu, meðal annars til þess að hægt sé að senda þangað liðsmenn Íslamska ríkisins svonefnda.

Þeir hafa líka gagnrýnt það, að fimmtán fangar hafi nú verið leystir úr haldi: „Enn á ný er verið að frelsa forherta hryðjuverkamenn og senda þá til útlanda þar sem hætta mun stafa af þeim,“ sagði Ed Royce, sem er formaður utanríkismálanefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings.

Obama reyndi einnig að ná því fram að fangarnir yrðu fluttir til Bandaríkjanna, þar sem réttað yrði yfir þeim fyrir bandarískum dómstólum. Einungis einn fangi hefur samt verið fluttur til Bandaríkjanna frá Guantanamo. Það er Ahmed Ghailani, sem var síðan dæmdur í ævilangt fangelsi í Bandaríkjunum árið 2011. **gudsteinn@frettabladid.is**




**Bandaríski fáninn í fangabúðum Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fangar í Guantanamo



**Khalid Sheikh Mohammed, f. 1964 eða 1965 í Pakistan**
**Handtekinn 1. mars 2003 í Rawalpindi í Pakistan.** Fluttur til Guantanamo líklega árið 2006. Sætti harkalegum pyntingum í yfirheyrslum. Játaði að hafa skipulagt fjölda hryðjuverka, þar á meðal flugvélaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001. Ákærður 2008 en bíður enn réttarhalda. **10 ár í Guantanamo. Enn í haldi**



**Mohamedou Ould Slahi, f. 1970 í Máritaníu**
**Handtekinn í Máritaníu 29. september 2001.** Skrifaði dagbækur í Guantanamo árið 2005, sem voru birtar árið 2012 og gefnar út á bók árið 2015. Hann hefur ekki fengið leyfi til þess að fá eintak af bókinni til sín í Guantanamo. Þann 16. júlí síðastliðinn var ákveðið að óhætt sé að láta hann lausan, einhvern tímann. **14 ár í Guantanamo. Enn í haldi.**



**Omar Ahmed Sayid Khadr, fæddur 1986 í Kanada**
**Handtekinn í Afganistan 27. júlí 2002. Fluttur til Guantanamo í lok október árið 2002,** þegar hann var nýorðinn 16 ára. Hann er yngsti fanginn sem dvalist hefur í Guantanamo. Játaði sig sekan um morð og fleiri afbrot árið 2010. Fluttur til Kanada 2012, var þar í fangelsi til 2015 þegar hann var **látinn laus** gegn tryggingu.

> Enn á ný er verið að frelsa forherta hryðjuverkamenn og senda þá til útlanda þar sem hætta mun stafa af þeim.
>
> Ed Royce, formaður utanríkismálanefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings

**61**
fangi situr enn eftir í Guantanamo-búðunum á Kúbu

SIMPLY CLEVER
ŠKODA




**ŠKODA Fabia** býr yfir ótal kostum, en fögur orð og fyrirheit koma ekki í staðinn fyrir persónulega reynslu. **Því langar okkur að lána þér Fabiu í sólarhring.** Komdu við hjá okkur eða sendu póst á skoda@hekla.is og fáðu nýja ŠKODA Fabiu til reynslu í 24 tíma. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins
**2.290.000 kr.**

WHATCAR? Car of the Year 2015

reddot award 2015
best of the best car design

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**



**Senior pappakassi 4 mm**
Þykkt 4 mm, stærð 55,6 x 37 x 34 cm.
Stykkjaverð 395.- .........10 stk. 2.995.-

**Senior pappakassi 7 mm**
Þykkt 7 mm, stærð 55,6 x 37 x 34 cm.
Stykkjaverð 595.- .........10 stk. 4.995.-

**Senior pappakassi 3 mm**
Þykkt 3 mm, 55,6 x 37 x 34 cm. Stykkjaverð 295.-

**1.995.-**
10 STK.



HÆÐ: 180 CM
BREIDD: 90 CM
DÝPT: 40 CM

REGALUX
AUÐVELT AÐ SETJA SAMAN
175 kg

**Stálhilla**
5 hillur, hámarksburðarþol er 175 kg við jafna álagsdreifingu. Svört.

**5.995.-**
~~7.995.-~~



HÆÐ: 180 CM
BREIDD: 160 CM
DÝPT: 60 CM

REGALUX
AUÐVELT AÐ SETJA SAMAN
350 kg

**XXL hillueining**
Stæðileg galvaniseruð hillueining. 8 mm spónahillur. Hámarksburðarþol í hillu er er 350 kg með jöfnu álagi.

**19.995.-**
~~25.995.-~~

# Byrjaðu verkið á réttum stað

## - við erum reiðubúin að aðstoða þig



HÆÐ: 188 CM
BREIDD: 80 CM
DÝPT: 40 CM

AUÐVELT AÐ SETJA SAMAN
40 kg

REGALUX
**Plasthilla**
5 hillur.

**3.995.-**
~~5.995.-~~



HÆÐ: 187 CM
BREIDD: 120 CM
DÝPT: 40 CM

AUÐVELT AÐ SETJA SAMAN
70 kg

REGALUX
**Plasthilla**
Veðurþolið svart plast, hægt að setja saman án verkfæra. Burðarþol u.þ.b. 70 kg á hillu. 5 hillur.

**7.995.-**
~~9.995.-~~



HÆÐ: 180 CM
BREIDD: 120 CM
DÝPT: 50 CM

AUÐVELT AÐ SETJA SAMAN
290 kg

REGALUX
**XL hilla fyrir mikinn þunga**
5 spónaplötuhillur, hámarksburðarþol er u.þ.b. 290 kg á hverri hillu við jafna álagsdreifingu.

**14.995.-**
~~17.995.-~~



HÆÐ: 200 CM
BREIDD: 240 CM
DÝPT: 70 CM

AUÐVELT AÐ SETJA SAMAN
450 kg

REGALUX
**Mega hillueining**
Sérlega breið og djúp hilla. 5 spónaplötuhillur, hámarksburðarþol á hverja hillu u.þ.b. 450 kg við jafna álagsdreifingu.

**31.995.-**
~~40.995.-~~

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Reykjavíkurflugvöllur og nærliggjandi umhverfi séð úr lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Skiptar skoðanir um flugvöllinn í áraraðir

**2001**
KOSNINGAR UM FRAMTÍÐ VATNSMÝRARINNAR
49% Reykvíkinga vilja flytja flugvöllinn
48% vilja hafa flugvöllinn áfram.
Kjörsókn er **30.219** eða **37%**.

**2008**
SKOÐANAKÖNNUN GALLUP
70% landsmanna segjast vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýri.



**2013**
SKOÐANAKÖNNUN GALLUP
73% Reykvíkinga
82% landsmanna
vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýri

UNDIRSKRIFTARSÖFNUN
Félagið Hjartað í Vatnsmýrinnisafnar **69.822** undirskriftum fyrir veru vallarins í Vatnsmýri.

**2014**
SKOÐANAKÖNNUN MMR
71% Reykvíkinga
81% landsmanna
vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýri.

**2015**
SKOÐANAKÖNNUN MMR
78% landsmanna segjast andvíg því að NA-SV-flugbraut, svokallaðri neyðarbraut, Reykjavíkurflugvallar verði lokað.



**2016**
NA-SV FLUGBRAUTINNI LOKAÐ



Hæstiréttur kveður upp dóm um að **loka skuli NA-SV-flugbrautinni** í máli sem borgin höfðaði gegn ríkinu. Innanríkisráðuneytið hafði áður neitað að loka brautinni, þvert á samkomulag innanríkisráðuneytisins við borgina.

# Segir þingmenn vilja sýna sig fyrir kosningar

**Borgarstjóri segir að þingmenn vilji sýna sig í aðdraganda prófkjörs og uppstillingar með því að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir hugmyndina áhugaverða og að meirihlutinn skynji ekki mikilvægi þess að gæta höfuðborgarhlutverksins.**

**REYKJAVÍK** „Ætli þetta tengist ekki bara því að einhverjir vilji sýna sig og sanna í aðdraganda uppstillingar á lista fyrir næstu þingkosningar frekar en eitthvað annað," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um fyrirhugaða þingsályktunartillögu um að halda skuli þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Fréttablaðið greindi frá fyrrnefndri tillögu í gær og sagði Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokks, að hann byggist við því að verða einn flutningsmanna hennar. Mikilvægt væri að fá fram vilja þjóðarinnar í málinu. Þá sagði Þorsteinn ólíklegt að kosningar um framtíð vallarins færu fram samhliða alþingiskosningum. Tíminn sé líklega of naumur.

„Hún hefur ekki verið borin undir okkur, ég hef ekki séð hana, en mér skilst að þetta yrði ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla sem yrði þá væntanlega ráðgefandi við borgarstjórn," segir Dagur og bætir því við að honum hefði þótt eðlilegra að málið yrði rætt við borgarstjórn „áður en menn tækju einhverja spretti í þessu".

Kosningar voru haldnar á meðal borgarbúa árið 2001. Þá sögðust litlu fleiri, 49 prósent, hlynntir brottflutningi flugvallarins. 48 prósent sögðust vilja hafa völlinn áfram í Vatnsmýri og var kjörsókn 37 prósent. „Það var haldin atkvæðagreiðsla þá sem fjallaði um hvort völlurinn ætti að víkja 2016. Ég held að það endurspegli hvað svona ákvarðanir taka langan tíma. Það má ýmislegt læra af þeirri atkvæðagreiðslu sem skilaði ekki óyggjandi niðurstöðu," segir Dagur.

> Mér hefði fundist eðlilegt að ræða málið við okkur áður en menn tækju einhverja spretti í þessu.
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



> Þeim er alveg sama um þennan flugvöll og það er mjög slæmt mál.
>
> Halldór Halldórsson borgarfulltrúi



Dagur segir að ef einhver vilji ræða flugvallarmálin við borgarstjórn sé margt hægt að ræða í þeim málum. „Það er ýmislegt sem hefur verið unnið á undanförnum árum. Niðurstaða Rögnunefndar sem skilað var í fyrra er nýr grunnur til að vinna að einhverri lausn sem allir landsmenn ættu hugsanlega að geta sameinast um," segir Dagur. Það væri í hans huga uppbyggileg nálgun.

Flugvallarmálið segir hann mun lengra komið en það hafi verið árið 2001 þegar atkvæðagreiðslan fór fram og fleiri og álitlegri kostir séu komnir fram. „Ég held það væri langeðlilegast að byrja á því að skoða þá áður en einhver rýkur í atkvæðagreiðslu, já eða nei," segir Dagur.

Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að sér finnist hugmyndin áhugaverð. „Það segir í stefnu okkar sjálfstæðismanna fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar að við viljum beita okkur fyrir því að borgarbúar geti kosið um flugvallarkosti þannig að mér fyndist mjög áhugavert ef það yrði haldin um þetta þjóðaratkvæðagreiðsla," segir Halldór.

Þá segir Halldór að meirihlutanum sé sama um flugvöllinn. „Núverandi meirihluti í borginni hefur ekki skynjað mikilvægi þess að gæta höfuðborgarhlutverksins. Þeim er alveg sama um þennan flugvöll og það er mjög slæmt mál," segir Halldór. **thorgnyr@frettabladid.is**


HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is
OPIÐ HÚS
**Breiðvangur 24, 220 Hafnarfjörður**
**Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Verð 32,8 milljónir.**
OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 17. ÁGÚST MILLI KL. 17:30 OG 18:00
HEITT Á KÖNNUNNI



Hús að utan í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum. Stórviðgerð 2009. Eignin er mjög vel staðsett, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.

Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Dæmi um hvernig fyrsta fasteign kemur út fyrir ungt fólk

| 25 ÁRA EINSTAKLINGUR | 25 ÁRA PAR |
|---|---|
| TEKJUR Á MÁNUÐI 450.000 kr. | TEKJUR Á MÁNUÐI 800.000 kr. |
| VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR 2% viðbótarlífeyrissparnaður + 2% mótframlag | VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR 4% fullnýting viðbótarlífeyrissparnaðar + 2% mótframlag |
| SAMTALS EFTIR 10 ÁR 2.160.000 kr. | SAMTALS EFTIR 10 ÁR 5.760.000 kr. |
| Íbúðarkaup við 35 ára aldur | Íbúðarkaup við 35 ára aldur |
| ÍBÚÐARVERÐ 35.000.000 kr. | ÍBÚÐARVERÐ 50.000.000 kr. |
| LÁN FYRIR 85% AF VERÐI 29.750.000 kr. | LÁN FYRIR 85% AF VERÐI 42.500.000 kr. |
| **LEIÐ 1** | |
| ÚTBORGUN UPP Í ÍBÚÐ 5.250.000 kr. | ÚTBORGUN UPP Í ÍBÚÐ 7.500.000 kr. |
| MÍNUS SPARAÐUR SÉREIGNARLÍFEYRISSPARNAÐUR 2.160.000 kr. | MÍNUS SPARAÐUR SÉREIGNARLÍFEYRISSPARNAÐUR 5.760.000 kr. |
| EIGIN ÚTBORGUN 3.090.000 kr. | EIGIN ÚTBORGUN 1.740.000 kr. |
| **LEIÐ 2** Séreignarsparnaður greiðist inn á höfuðstól um hver mánaðamót | |
| 18.000 kr. | 48.000 kr. |
| **LEIÐ 3** Blönduð leið. Með óverðtryggðu láni fer hluti séreignarlífeyrissparnaðar í að lækka höfuðstól og hluti til að lækka greiðslubyrði | |
| SÉREIGNARLÍFEYRISSPARNAÐUR Á MÁNUÐI 18.000 kr. | SÉREIGNARLÍFEYRISSPARNAÐUR Á MÁNUÐI 48.000 kr. |
| GREITT INN Á HÖFUÐSTÓL 9.000 kr. | GREITT INN Á HÖFUÐSTÓL 24.000 kr. |
| GREITT UPP Í AFBORGUN 9.000 kr. | GREITT UPP Í AFBORGUN 24.000 kr. |
| AFBORGUN FYRIR NÝTINGU 222.221 kr. | AFBORGUN FYRIR NÝTINGU 317.356 kr. |
| AFBORGUN EFTIR NÝTINGU 213.221 kr. | AFBORGUN EFTIR NÝTINGU 293.356 kr. |



Til að geta fullnýtt úrræðið þurfa tekjur á mánuði að vera

Einstaklingur
**694.000 kr.**

Par
**1.388.000 kr.**

Miðgildi launa 25 ára árið 2015
**291.300 kr.**

# Auðvelduð íbúðakaup geta aukið þenslu

**Ásgeir Jónsson hagfræðingur vonast til þess að með nýju húsnæðisstuðningskerfi sem kynnt var á mánudag muni fjölga lánamöguleikum sem séu frekar sniðnir að þörfum fólks. Ekki hafi tekist að reka norrænt módel á Íslandi með lágum vöxtum og aga í hagstjórn.**



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Reynslan hefur sýnt að húsnæðisverð á Íslandi hækkar þegar lánamöguleikum almennings fjölgar. Þetta segir Ásgeir Jónsson hagfræðingur og bendir á að húsnæðismarkaðurinn og lánamarkaðurinn séu nátengdir. Nýtt frumvarp um stuðning við fyrstu kaup á íbúð var kynnt á mánudag. Það miðar að því að fólk geti nýtt séreignarsparnað sinn til tíu ára við kaup á fyrstu íbúð og að ný verðtryggð lán séu ekki lengri en til 25 ára, með nokkrum undantekningum þó.

„Á Íslandi hefur fólk lagt gríðarlega mikla vinnu í að velta fyrir sér hvernig fasteign það á að kaupa en síðan hafa allir tekið sömu lánin. Fyrir hrun tóku næstum allir 40 ára verðtryggð lán án þess nokkurn tímann að pæla í hvað hentar þeim. Ég vonast til þess að þetta verði til þess að það verði mismunandi lánakostir í boði eftir því hvar þú ert staddur á lífsleiðinni,“ segir Ásgeir. Hann tekur sem dæmi að sá sem er 25 ára að kaupa sína fyrstu íbúð eigi ekki að fá sömu tegund af láni og sá sem er 45 ára og standi í íbúðarkaupum.

### Hætta á þenslu

„Um leið og þú byrjar að opna aðgengi fólks að lánsfé þá hækkar fasteignaverðið. Það er bara reynslan. Það gerðist árið 2004 og það gerðist líka áður. Um leið og vextir lækka og lántökuheimildin rýmkar þá kaupir fólk sér stærri íbúðir og getur boðið hærra í. Ef allir eru að fá samtímis meiri lántökumöguleika þá hefur það áhrif.“ Árið 2004 varð bönkunum heimilt að bjóða 100 prósent húsnæðislán, með tilheyrandi þenslu.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, að grunnvandi Íslendinga á húsnæðismarkaði væri ekki verðtryggingin sem slík, heldur miklu frekar hátt vaxtastig. Lánakjör til fasteignakaupa eru mun hagstæðari á Norðurlöndunum en á Íslandi en sem dæmi má nefna að í Finnlandi er hægt að fá lán sem bera 1 til 1,4 prósent vexti. Óverðtryggð lán á Íslandi bera um sjö prósent vexti en þau má fá á mun lægri vöxtum á Norðurlöndunum eða allt niður í 3,6 prósent.

### Norrænt kerfi ekki gengið hér

„Með norræna vexti þarftu að taka þetta norræna módel alla leið. Þá þarftu að vera með norræna ákvörðun á launum, sem þýðir að það gætir ákveðinnar hófsemi í því hvernig laun hækka, norræna tegund af mynt sem við erum ekki með og líka norræna hagstjórn. En það hefur bara ekki gengið hjá okkur. Okkur hefur ekki tekist að reka hagkerfið með þeim hætti, því miður,“ segir Ásgeir. Hann segir að það snúist að einhverju leyti um pólitískan vilja þó auðvitað sé það fólkið sem kjósi stjórnmálamenn. „En að einhverju leyti virðist þetta vera ákveðið agavandamál. Hluti af þessu gæti verið að við höfum okkar eigin gjaldmiðil. Það hefur legið fyrir í áratugi að ef við missum hagkerfið úr böndunum, hækkum laun of mikið og það verði of mikil þensla, þá sé það ekkert vandamál ef við bara fellum gengið. Það er þessi frábæri gengissveigjanleiki sem allir eru að tala um en hann skapar ákveðið agaleysi. Það er eins og að eiga foreldra sem er alveg sama hvenær þú kemur heim á kvöldin.“

> Um leið og þú byrjar að opna aðgengi fólks að lánsfé þá hækkar fasteignaverðið. Það er bara reynslan. Það gerðist árið 2004 og það gerðist líka áður.
>
> Ásgeir Jónsson hagfræðingur



Ásgeir segir að þó horfi til þess að Íslendingar séu að verða agaðri þegar kemur að því að stýra hagkerfinu. „Í síðustu uppsveiflu, frá 2004 til 2008, óx hagkerfið um átta prósent á ári og tókst að vaxa um 30 prósent á fjórum árum áður en það hrundi. Núna erum við búin að vera með hagvöxt í fimm til sex ár sem er mun hægari og jafnari.“

Sólarpakkar í ágúst!

Ótrúlegt verð!

# ÓTRÚLEGT VERÐ
# SÓLARPAKKAR
# frá 39.900 kr.*

**Rýmingarsala á síðustu sætum sumarsins!**

Fjölskyldan í sól á lægra verði
en sést hefur í mörg ár.

Bara á sólarspretti Plúsferða næstu
24 tímana á meðan birgðir endast!

Hefst kl. 9:00 á plusferdir.is

**Albír – Tenerife – Kanarí**
**Mallorca – Almería – Benidorm**

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Bókanlegt á plusferdir.is og gildir aðeins fyrir nýjar bókanir.

* Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Kanarí 24.–31. ágúst.

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Ís fyrir alla



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Með haustinu rennur upp tími kjósenda enn á ný á Íslandi. Honum lýkur reyndar fljótlega eftir lokun kjörstaða, en það er um að gera að neyta á meðan á nefinu stendur eins og karlinn sagði. Fyrirheitin hljóta að fá kjósendur til þess að velta því fyrir sér hvort það væri ekki best að stytta kjörtímabilin. En þjóðarskútan færi eflaust hratt og örugglega á hliðina, enda kostar það sitt að gleðja stóra hópa kjósenda á leiðinni í kjörklefann.

Nýverið kynnti ríkisstjórnin tvö úrræði sem miða að því að bæta hag ungs fólks Íslandi og ekki veitir af. Að eignast sína fyrstu fasteign hefur ekki verið jafn erfitt fyrir ungu kynslóðina í áratugi og verð á leigumarkaði er í hæstu hæðum. Að auki, kannski er það ein af afleiðingum þessa ástands, hefur barneignum Íslendinga fækkað verulega. Það eru afleit tíðindi fyrir samfélag þar sem sífellt fleiri ná lífeyrisaldri og þörfin fyrir nýtt og verðmætaskapandi vinnuafl fer ört vaxandi. Það er því ekki að furða að ríkisstjórnin reyni að bregðast við ástandinu korter í kosningar og boði nýjungar í lánsfjármöguleikum fyrir fyrstu fasteign, auk endurbóta og hækkunar á fæðingarorlofi.

Unga fólkið sem er fast í leiguhúsnæði, sem er svo dýrt að það hefur ekki efni á að spara, eða býr í foreldrahúsum fram eftir aldri er stór kjósendahópur. Ekki minnkar hópurinn við að telja með foreldrana sem sitja uppi með unga fólkið á heimilinu og það án þess að það treysti sér til þess að koma með barnabörn í heiminn af fjárhagslegum ástæðum. Vandinn er að úrræði fyrir kaup á fyrstu fasteign og breytingar á fæðingarorlofi virðast einkum vera hönnuð utan um hagsmuni þeirra sem hafa hærri tekjur.

Séreignarsparnaðarleiðin á fasteignamarkaði mun tæpast breyta miklu fyrir þá sem þegar berjast í bökkum á uppsprengdum leigumarkaði. Þeir sem munu hafa efni á að nýta sér þessa leið til fulls eru einmitt þeir sem bestar hafa tekjurnar og ættu því eðli málsins samkvæmt síst að þurfa á aðstoð að halda. Að auki mun áfram taka fjölda ára að safna sér fyrir fyrstu útborgun í lítilli íbúð og svo geta aðgerðirnar leitt til hækkunar fasteignaverðs. Meginkostnaðaraukningin við breytingar á fæðingarorlofi felst í lengingu tímabilsins og aukinni áherslu á að bæði móðir og faðir nýti sinn rétt til þess að vera með barninu. Það er frábært. En hækkun hámarksgreiðslna úr 370 þúsund á mánuði í 600 þúsund á mánuði er umdeilanlegri. Enn og aftur man ríkisstjórnin best eftir þeim sem betur mega sín og það stef er orðið endurtekningarsamt og þreytt.

En það er að koma haust og þá verður kosið og þá er boltinn hjá kjósendum. Kjósendum sem hafa áður og skiljanlega heillast af 90% húsnæðislánum, skuldaleiðréttingum, afnámi verðtryggingar og alls konar kosningaloforðum sem virðast svo skapa fleiri vandamál en þau leysa. Ís fyrir alla, loforðum sem þegar á hólminn er komið hafa gagnast þeim best sem eiga mest og þannig aukið enn á misskiptingu í íslensku samfélagi. Er ekki mál að linni?

**En það er að koma haust og þá verður kosið og þá er boltinn hjá kjósendum.**

### Halldór







## Frá degi til dags

**Miðborgarfulltrúar**

**Hægt væri að mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur með borgarfulltrúum sem búsettir eru í 101 Reykjavík. Af þeim fimmtán sem í borgarstjórn sitja eru átta búsettir í 101 og aðrir borgarfulltrúar skiptast að mestu á milli Vesturbæjar og Hlíða. Nú hafa Reykvíkingar hins vegar eignast alþjóðlegan borgarfulltrúa því Sóley Tómasdóttir, sem endurkjörin var sem forseti borgarstjórnar 21. júní síðastliðinn, er flutt til Hollands og er þar með komin lengst allra borgarfulltrúa frá borginni.**

**Klinkið**

**Í dag birtir Fréttablaðið útreikninga á því hvernig nýjasta útspil ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum kemur út fyrir almenning. Tekin eru dæmi um 25 ára einstakling og par sem hefja nýtingu leiðarinnar hið fyrsta. Við kynningu frumvarpsins samhliða verðtryggingarfrumvarpinu, sem stjórnmálamenn kalla algjöra lúffun Framsóknarflokksins gagnvart Sjálfstæðisflokknum, var sagt að markmiðið væri að hvetja ungt fólk til að taka frekar óverðtryggð lán. Þegar dæmið er nánar skoðað sést að almenningur finnur langminnst fyrir því ef hann nýtir leiðina sem er sérhönnuð fyrir óverðtryggð lán. Afborganirnar minnka um eitthvert klink á mánuði, brauðmola og ryk.**

snaeros@frettabladid.is

## Vegið að jafnrétti til náms



Svandís Svavarsdóttir
alþingismaður

Frumvarp Illuga Gunnarssonar um Lánasjóð íslenskra námsmanna er aðför að jafnrétti til náms. Breytingarnar eru helstar að tekjutenging afborgana verður afnumin, mögulegur fjöldi ára á lánum skertur og vextirnir þrefaldaðir. Jafnframt eiga nemendur kost á 65 þúsund króna styrk á mánuði.

Helsti tilgangur sjóðsins er að að tryggja félagslegan jöfnuð og vekur því athygli að rektor Háskóla Íslands lýsir áhyggjum af því að hér sé vegið að því meginhlutverki. Bandalag háskólamanna gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og telur að háir vextir og afnám tekjutengingar afborgana þrengi verulega að stórum hópum sem leggja í langt nám. Doktorsnemar segja að hér sé verið að draga úr möguleika til doktorsnáms og fjármögnun þess í raun vísað alfarið í samkeppnissjóði.

Samkvæmt frumvarpinu verður aðeins lánað til sjö ára en sú breyting hefur fyrst og fremst áhrif á stöðu barnafólks, tekjulágra og þeirra sem hyggja á langt háskólanám. Tekjulágt fólk lendir í vandræðum þegar afborganir eru ekki lengur tekjutengdar auk þess sem það fyrirkomulag getur haft áhrif á námsval og þar með samfélagið í heild. Í velferðarsamfélagi er jafnrétti til náms mikilvægur þáttur og brýnt að hlusta vel eftir öllum þeim röddum sem lýsa áhyggjum af þeim breytingum sem hér eru boðaðar.

Ríkisstjórnin er rúin trausti, kosningar á næsta leiti, menntamálaráðherrann á leið út úr stjórnmálum og ljóst að umboðið til þess að takast á hendur svo stórtækar breytingar er ekki fyrir hendi. Það er raunar umhugsunarefni að í slíku grundvallarmáli skuli ráðherrann ekki byggja á breiðu samráði.

Allt frá afhjúpun Panama-skjalanna og þeim degi þegar forsætisráðherrann sagði af sér hefur öll vinna Alþingis miðað að samstöðu um flókin mál og þar hafa margir lagt mikla vinnu af mörkum. Ný útlendingalög, breytingar á húsnæðiskerfinu, breyting á greiðsluþátttöku sjúklinga, nýtt millidómsstig og mál um losun hafta hafa öll verið unnin og leyst með þeim hætti. Búið er að flýta kosningum og samstarfi ríkisstjórnarflokkanna er að mestu lokið. Samstöðumál eru einu málin sem eiga að geta gengið fram undir slíkum kringumstæðum. Allir sjá að nýtt mál menntamálaráðherra um námslán og námsstyrki fellur ekki í þann hóp.

**Það er raunar umhugsunarefni að í slíku grundvallarmáli skuli ráðherrann ekki byggja á breiðu samráði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Varhugaverð veröld



Guðjón Jensson
leiðsögumaður

Undirritaður fæddist skömmu eftir miðja öldina síðustu á tímum kalda stríðsins. Það var að mörgu leyti einkennilegt að vaxa úr grasi á mölinni í Reykjavík. Foreldrar mínir voru í æsku minni stöðugt að flytja og sjaldnast bjuggum við lengur en árið á hverjum stað uns keypt var íbúð í verkamannabústöðunum í austanverðum Hlíðunum. Margt var ákaflega frjálslegt á þessum árum en allt mun einfaldara og frumstæðara en nú, göturnar voru malargötur og rykið eftir því. Við krakkarnir sóttumst eftir að leika okkur m.a. í gömlum mógröfum í Kringlumýrinni þar sem nú er nýi miðbærinn í Reykjavík. Þar var stokkið yfir djúpa skurði með langstökk í huga, stundum kom maður hundblautur heim og átti von á snuprum jafnvel rassskellingu! Stundum var farið í feluleiki og Fallin spýtan!

**Blöðin skömmuðust**

Vikulega var eg sendur með tvær appelsínur ásamt flösku af mysu í poka handa ömmu minni sem átti heima í Herskálakampinum þar sem nú eru göturnar Ármúli og Síðumúli. Það hverfi gekk undir nafninu Gunnarsborg en þegar Gunnar Thoroddsen var borgarstjóri var íbúum þar veitt leyfi tímabundið um nokkur ár að dytta að húsum sínum oft við misjöfn efni. Þetta var á þeim dögum þegar Miklabrautin var ekki enn til nema að dálitlum hluta en byrjað var að merkja fyrir gríðarlegum skurðum þvert um Kringlumýrina. Sagt var að bygging Miklubrautarinnar tæki óratíma og voru latir strákar hvattir til mennta á þennan hátt: Annaðhvort verður þú duglegri en nú eða það verður ævistarfið þitt að vinna í Miklubrautinni!

Stjórnmálalífið gekk sinn gang, miklar öfgar voru eins og oft vill verða. Blöðin skömmuðust hvern einasta dag, einkum Morgunblaðið og Þjóðviljinn sem gáfu hinu ekkert eftir. Sjálfstæðisflokkurinn með Morgunblaðið virtist eigna sér umræðuna um mannréttindi og lýðræði og oft voru því Rússar skammaðir fyrir að sitja uppi með kommúnismann. Þjóðviljinn svaraði á móti og benti á sitthvað sem illa tókst til í Bandaríkjunum, benti m.a. á gríðarmikið misrétti þegnanna og allir höfðu sínar skoðanir á málunum. Á vinnustöðum var oft grunnt á vinskapnum enda Íslendingar þekktir fyrir að hafa ólíkar skoðanir. En verst var hversu tortryggnin var mikil og fyrirlitningin fyrir skoðunum annarra virtist vera ríkjandi langdræg. Allt var kappkostað til að viðhalda tortryggninni en þess minna reynt að bera klæði á vopnin og auka skilninginn. Morgunblaðið og Þjóðviljinn voru aldrei sammála um nokkurn skapaðan hlut, kannski fyrir utan veðrið sem auðvitað var unnt að mæla og ekki þurfti að þrasa um.

Nú er meira en aldarfjórðungur liðinn frá því kommúnisminn hrundi í austanverðri Evrópu og vonandi sakna hans sem fæstir. En kapítalisminn í allri sinni dýrð er eins og vafasöm vofa sem vakir yfir löndum og lýðum heimsins. Gróðapungarnir fylgjast gjörla með og vilja skara betur eld að sinni köku með öllum tiltækum ráðum.

**Hergagnaiðnaður í stórum stíl**

Á dögunum datt eg niður á forvitnilega en nokkuð skelfilega heimild sem lýsir mjög vel ástandi mála: Ræðubút sem Eisenhower forseti BNA flutti í kveðjuávarpi í janúar 1960. Þá var Kennedy forseti að taka við forsetaembætti. Síðar kom í ljós að hann hafði mun meiri áhuga á snotrum snótum en hermennsku og mátti líklega gjalda líf sitt fyrir. Eisenhower kemst svo að orði og er þetta ógnvænlegt:

„Við höfum neyðst til að koma á fót föstum hergagnaiðnaði í stórum stíl. Þar við bætist að 3,5 milljónir manna, karla og kvenna starfa beinlínis í þágu hersins. Á hverju ári verjum við til varnarmála einna meiru en sem nemur nettótekjum allra bandarískra iðnfyrirtækja ... Þessi samruni gífurlegs hernaðarbákns og viðamikils hergagnaiðnaðar er nýtt fyrirbæri í bandarískri sögu. Heildaráhrifanna á sviði efnahags, stjórnmála og jafnvel andlegrar menningar gætir í hverri borg, stofnunum hvers einstaks ríkis og á hverri skrifstofu sambandsstjórnarinnar.“

Þarna kemur mjög skýrt fram hvaða aðili ræður nánast öllu bak við öll tjöld í BNA. Bandarískt samfélag snýst allt meira og minna um hergagnaiðnað, framleiðslu, sölu og viðhald vopnakerfa. Og þegar illa tekst til og afglöp gerð eins og með innrásinni í Írak fyrir rúmum áratug, þá er ekki von á góðu. Græðgi með herstyrk að vopni getur aldrei verið góð fyrirheit í framtíðina.

**Við búum í varhugaverðri veröld.**

Við Íslendingar berum gæfu til þess að vera ein örfárra þjóða sem hafa hvorki her né herþjónustu. En kannski okkur skorti á móti dálítinn nauðsynlegan aga. Við lítum á flest út frá okkar sjónarhorni en gleymum að setja okkur í spor annarra og virða rétt þeirra. Við erum oft of fljót að meta og ákveða, stundum sitjum við uppi með kolranga ákvörðun sem við þurfum að sjá eftir.

**Nú er meira en aldarfjórðungur liðinn frá því kommúnisminn hrundi í austanverðri Evrópu og vonandi sakna hans sem fæstir. En kapítalisminn í allri sinni dýrð er eins og vafasöm vofa sem vakir yfir löndum og lýðum heimsins.**



SÖLUTURN / VEITINGAAÐSTAÐA TIL LEIGU

Atlantsolía leitar að leigutaka að söluturni/veitingaaðstöðu fyrirtækisins að Kópavogsbraut 115. Við leitum að leigutaka sem sér tækifæri til að efla staðinn, þjónusta íbúa nágrennisins og taka þátt í ört vaxandi hverfi á Kársnesinu. Grunnflötur hússins er 80 fm en endurbótum á því er nýlokið og er það tilbúið til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri, **hugi@atlantsolia.is** eða í síma **8253132**.
Lokafrestur til umsókna er 1. september.



Atlantsolía rekur 19 sjálfsafgreiðslustöðvar. Þær eru 12 á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 7 stöðvar á landsbyggðinni. Atlantsolía rekur birgðarstöð í Hafnarfirði og notar 4 olíubíla í dreifingu.

## Nýjast

**Inkassodeild karla**

| | |
|---|---|
| Huginn | 1–0 Haukar |
| Þór | 1–1 Selfoss |
| Keflavík | 0–0 KA |
| Leiknir | 0–3 Grindavík |
| HK | 0–0 Fjarðabyggð |

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Grindavík | 34 | Haukar | 20 |
| KA | 33 | Fram | 19 |
| Keflavík | 26 | HK | 18 |
| Leiknir R. | 24 | Fjarðabyggð | 16 |
| Þór | 23 | Huginn | 16 |
| Selfoss | 21 | Leiknir F. | 12 |

## Kepptu í nótt

**visir.is** ÓLYMPÍULEIKARNIR Í RÍÓ



**Ásdís Hjálmsdóttir keppti í spjótkasti**

## Í dag

**13.55 800 m. hlaup kvenna** Sport
▶ *Aníta Hinriksdóttir keppir í undanrásum í 800 metra hlaupi kvenna í dag. Aníta keppir í riðli 4 og hefst keppni í honum kl. 14.16. Efstu tvær í riðlunum átta komast áfram sem og þær átta sem eru með bestu tímana þar fyrir utan. Undanúrslitin fara fram aðfaranótt föstudags.*

**Körfubolti karla:**

| | |
|---|---|
| **14.00 Ástralía - Lithæn** | Sport |
| **17.30 Spánn - Frakkland** | Sport 2 |
| **21.45 BNA - Argentína** | Sport |
| **01.15 Króatía - Serbía** | Sport |

**Fótbolti karla:**

| | |
|---|---|
| **16.00 Brasilía - Hondúras** | Sport |
| **18.50 Þýskaland - Nígería** | Sport 4 |

**Aðrir dagskrárliðir:**

| | |
|---|---|
| **15.10 Golf kvenna** | Sport 5 |
| **18.40 Porto - Roma** | Sport 3 |
| **19.15 Valur - ÍBV** | Sport |

**Pepsideild kvenna:**

| | |
|---|---|
| **18.00 Þór/KA - Breiðablik** | Þórsv. |
| **18.30 FH - KR** | Kaplakriki |
| **18.30 Fylkir - Stjarnan** | Flórídanav. |
| **18.30 Selfoss - ÍA** | JÁVERK-völlur |

# Aníta fann andann í Ölpunum

**Aníta Hinriksdóttir verður í dag síðasti Íslendingurinn til að hefja keppni á ÓL í Ríó en þá verða hlaupnir undanriðlar í 800 metra hlaupi kvenna. Aníta er yngst Íslendinganna en samt með reynslu af stórmótum.**



Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Aníta Hinriksdóttir er aðeins tvítug en samt sem áður komin inn á sína fyrstu Ólympíuleika. Hún hefur þegar tekið þátt á HM og EM, bæði inni og úti, en núna er hún mætt á stærsta svið frjálsra íþrótta.

„Já, ég er orðin spennt. Þetta er stórt skref fyrir mig,“ viðurkennir Aníta Hinriksdóttir þegar hún hitti undirritaðan í Ólympíuþorpinu.

„Þetta eru skref sem okkur langaði að taka. Þetta hefur gengið nokkuð vel og það er mjög stórt takmark að vera komin hingað,“ segir Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu.

**Heimilislegt**

„Ég er mjög ánægð með undirbúninginn og það er gaman að fólk í millivegalengdum er að æfa mikið á svipuðum stöðum. Ég hef hitt þau nokkrum sinnum í ár og svo aftur hér. Það er gaman að hafa svona tengsl. Þetta er svo heimilislegt þegar maður kemur hingað,“ segir Aníta brosandi.

„Mér finnst það mjög gaman og ég fæ heilmikið út úr því að vera í kringum þær,“ segir Aníta. Hún fór bæði til Suður-Afríku og Sviss til að undirbúa sig sem best fyrir leikana.

„Við höfum verið í þeirri stöðu að geta farið í æfingabúðir á þeim stöðum sem við vorum búin að setja í planið, fyrir tveimur til þremur árum, að okkur langaði til að fara á. Við fórum til Suður-Afríku í kringum jól og áramót og síðan til St. Moritz í sumar,“ segir Gunnar Páll.

„Hvort tveggja eru staðir þar sem fremstu millivegalengdahlaupararnir í Evrópu eru að fara til. Við erum því ekki bara að tala um æfingaaðstöðuna heldur einnig um andrúmsloftið. Okkur finnst mjög gaman að vera í þessu andrúmslofti og Aníta þrífst vel í því. Það heppnaðist mjög vel,“ segir Gunnar Páll.



Hlaupadrottningin Aníta Hinriksdóttir er mætt á sína fyrstu Ólympíuleika á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það væri klárlega mjög stórt fyrir mig að komast áfram.**
>
> Aníta Hinriksdóttir

**Sátt við áttunda sætið á EM**

„Við vorum í tölverðri hæð. Það var andi í fjöllunum og ég var með góðan félagsskap,“ segir Aníta en fann hún vel fyrir að æfa í svona mikilli hæð?

„Ég fann minna fyrir því en fólk vill meina að sé venjan. Maður fann aðeins fyrir þessu fyrstu dagana,“ segir Aníta.

Aníta hefur þegar keppt á fimm heims- og Evrópumeistaramótum og er því ekki algjör nýliði á stórmótum þó að þetta séu fyrstu Ólympíuleikarnir.

„Ég er komin með svolitla reynslu. Ég held að það hljóti að sogast inn í undirmeðvitundina að hafa verið áður á stórmótum,“ segir Aníta. Hún náði sínum besta árangri í fullorðinsflokki utanhúss þegar hún komst í úrslit á EM fyrr í sumar.

„Ég var mjög sátt við að ná áttunda sætinu á EM. Það er enn þá meiri reynsla fyrir mig að hafa fengið að hlaupa úrslitahlaup á móti utanhúss því þau eru oftast sterkari,“ segir Aníta.

**Komin lengra**

Aníta er enn ung og ætti að geta farið á tvenna til þrenna Ólympíuleika til viðbótar gangi allt upp. „Það er stefnan núna að þetta verði bara fyrstu leikarnir af mörgum,“ segir Aníta.

„Aníta er bara tvítug og í frjálsum á fólk að vera að ná fram sínu besta á aldrinum 24-30 ára. Á næstu Ólympíuleikum ætti hún að vera komin á besta aldurinn. Hún er tvítug í dag og maður gæti haldið að þetta væri bara ævintýri og það að upplifa að vera hér. Hún er hins vegar komin aðeins lengra af því að hún hefur keppt á það mörgum stórum mótum,“ segir Gunnar Páll.

„Út af aðstæðum á Íslandi keppir hún mikið innanhúss og hún er búin að vera fimmta bæði á HM og EM inni. Það gefur henni líka sjálfstraust að vera búin að berjast við þessar elítukonur og standa sig,“ segir Gunnar Páll.

„Ég held að það verði mjög erfitt að komast áfram. Það verður mjög krefjandi verkefni en það væri mjög gaman að ná því. Það eru nokkrar sem eru í allra besta klassanum en svo er opið fyrir nokkuð margar. Það væri klárlega mjög stórt fyrir mig að komast áfram,“ segir Aníta. Þjálfari hennar vill vera bjartsýnn á það að hún komist í undanúrslitin.

„Miðað við styrkleikaröðun keppenda þá lítur þetta út fyrir að vera mjög erfitt en miðað við árangurinn á EM þá á hún allavega helmingsmöguleika. Ég vil vera hinum megin við strikið og segja að það séu jafnvel meiri möguleikar en minni á að komast upp úr riðlinum. Ég er þá að byggja það á árangrinum á EM miklu frekar en styrkleikaröðun mótshaldara,“ segir Gunnar Páll.

# Ekkert Íslandsmet en miklar framfarir

Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu Hinriksdóttur, er á því að hún hafi bætt sig mikið á síðustu þremur árum þrátt fyrir að hún hafi ekki náð að bæta Íslandsmetið sitt á þessum tíma.

„Hún náði súper, súper árangri þegar hún setti Íslandsmetið. Mörgum finnst að hún hafi átt að bæta það á þessum þremur árum en hún fer þarna svona ung inn á topp 30 í heiminum með þeim árangri,“ segir Gunnar Páll. Aníta setti Íslandsmet sitt á móti í Mannheim 30. júní 2013 en hún hljóp þá á 2:00,49 mínútum.

„Ef þú skoðar þær sem voru stjörnurnar á þessum tíma eins og Mary Cain – hún var forsíðustúlka í Bandaríkjunum og aðeins betri en Aníta – og Jessicu Judd í Bretlandi þá komust þær báðar á HM 2013 en hvorug á HM 2015 og þær eru ekki hér. Að halda sig á þessu stigi er meira en að segja það eftir að hafa slegið svona rosalega í gegn í unglingaflokki. Það er meira en að segja það að halda svona súperárangri,“ segir Gunnar Páll.

Aníta náði mjög góðu hlaupi á minningarmóti um Josef Odlozil í Prag í byrjun júní en þá var hún aðeins sex hundraðshlutum frá Íslandsmetinu.

„Ég veit það að það sem hún hljóp í Prag er stutt frá metinu og þá voru fyrstu 200 metrarnir alltof hraðir. Ég veit að hún er í formi upp á met en maður veit aldrei um taktík og annað svona. Ég get hins vegar fullyrt það að hún er í formi upp á met,“ segi Gunnar Páll.



Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þó að þú viljir setja met í svona hlaupi þá snýst þetta allt um að komast upp úr riðlinum og á næsta stig. Það er númer eitt en það er ekki nokkur spurning að hún er í formi upp á met,“ endurtekur Gunnar Páll. Hann er mjög ánægður með á hvaða róli Aníta er og þó að tíminn hafi staðist áhlaup hennar þessi þrjú ár þá er hún betri hlaupari í dag.

„Hún er núna búin að hlaupa miklu meira á móti topphlaupurum í alls konar taktík. Hún var svolítið meðspretthlaupurunum í styrktarþjálfun í vetur. Það sem hefur gerst í þeim styrktaræfingum er að hlaupastaðan á henni er mun betri. Þó að metið hafi ekki fallið þá er hún búin að sýna gríðarlegar framfarir,“ segir Gunnar Páll. **- óój**




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**þriðjudaginn 17.ágúst kl.12:00-12:30**



**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

60 fm íbúð auk sérgeymslu í kjallara
Stæði í lokaðri bílageymslu
Útsýni af svölum til sjávar

Verð: **30,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. ágúst 2016

31. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Sextíu prósent meiri velta

**Reykjavík Letterpress fagnar sex ára afmæli í næsta mánuði. Fram undan eru flutningar, innkoma fjárfesta og sala á erlendum markaði.**

»6




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**»2**
**Eyjamenn geta skotist í bíó**
Bíó verður rekið í Vestmannaeyjabæ í fyrsta sinn í tíu ár. Tuttugu þúsund gesti þarf til að reksturinn gangi.

**»4**
**Nauðsynlegt að auka útflutning**
Viðskiptaráð telur að til þess að efla hagkerfið þurfi útflutningur að vaxa hraðar.

**»8**
**Svipmyndin: Páll Ríkharðsson**
Nýr forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík elskar að kafa.

**»10**
**Áhrif Kína á Brasilíu**
Lars Christensen segir að aðgerðir Kínverja í peningamálum hafi áhrif á efnahagslífið í Brasilíu.

**»12**
**Öryggi í útfararþjónustu**
Stjórnarmaðurinn veltir því fyrir sér hvernig það sé að eiga starfsöryggi sitt undir manninum með ljáinn.



## SKJÓÐAN

# Hausnum enn barið við steininn

**NÚ NÁLGAST KOSNINGAR** og enn mæta forsætis- og fjármálaráðherra í Hörpu að kynna byltingu í skulda- og lánamálum. Í þetta sinn er áherslan lögð á ungt fólk, sem vill koma sér upp eigin húsnæði. Nýr forsætisráðherra en sama tóbakið engu að síður. Raunar virðist forsætisráðherra vera óþarft embætti þar sem engum dylst að það er fjármálaráðherra sem öllu ræður.

**OG FJÁRMÁLARÁÐHERRA** er mjög sáttur við lánaumhverfið á Íslandi. Hann vill ekki breyta því. Hann vill bara hjálpa ungu fólki af stað til að það geti síðan ævina á enda stritað í þágu fákeppni á fjármálamarkaði, okurvaxta og verðtryggingar.

**ÞAÐ Á EKKI AÐ AFNEMA VERÐTRYGGINGUNA** og það á ekki að afnema hin svonefndu Íslandslán. Það á bara að banna þeim, sem hvort eð er tækju aldrei verðtryggt jafngreiðslulán til 40 ára, að taka slík lán. Hinir, sem ekki stæðust greiðslumat fyrir 25 ára lán eða óverðtryggð lán, fá áfram að taka 40 ára lánin. Þarna er einhvers konar geggjun á ferð.

**HVERS VEGNA Í ÓSKÖPUNUM** ráðast hinir háu stjórnarherrar ekki að rót vandans? Krónan er rót vandans hér á landi. Hér á landi verður fákeppni á fjármálamarkaði á meðan krónan er okkar lögeyrir. Enginn erlendur banki fer að lána Íslendingum til fasteignakaupa hér á landi á meðan við notum krónuna. Til þess er gengisáhætta krónunnar of mikil. Á meðan við notum krónuna verður hér vaxtaokur nema ríkið grípi til sérstakra ráðstafana til að sporna við slæmum afleiðingum fákeppninnar.

**SLÍKAR AÐGERÐIR** verða að vera almennar en aðgerðirnar sem ráðherrarnir kynntu á mánudaginn til að auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð eru allt annað en almennar. Þær virðast beinlínis til þess fallnar að viðhalda hér vaxtaokri og auka það. Bankarnir munu mæta hverri krónu sem stjórnvöld veita í skattaafslátt eða heimildir til að nota séreignarsparnað til að greiða inn á húsnæðislán, með vaxtahækkunum. Þannig rennur þessi „aðstoð“ fyrst og fremst til bankanna, rétt eins og hin svonefnda „skuldaleiðrétting“. Hagur þeirra, sem átti að hjálpa, er fyrir borð borinn og allir aðrir eru verr settir en fyrir aðgerðina.

**HVENÆR ÆTLA FORYSTUMENN** ríkisstjórnarflokkanna að hætta að berja hausnum við steininn? Hvenær ætla þeir að viðurkenna þá einföldu staðreynd að það er til leið til að bæta hag allra almennings og auðvelda ekki bara ungu fólki, heldur öllum aldurs- og þjóðfélagshópum að eignast húsnæði? Þessi leið gagnast atvinnulífinu í landinu líka. Hún felst í því að taka upp alþjóðlega mynt og bjóða erlenda samkeppni velkomna inn á íslenskan lánamarkað.

## Vikan sem leið

### 0,2%
**hagvöxtur**

Hagvöxtur nam einungis 0,2 prósentum á öðrum ársfjórðungi í Japan, samkvæmt tölum sem birtust á mánudagsmorgun. Japanskt efnahagslíf hefur upplifað mikla niðursveiflu á síðustu árum og lítið hefur gengið að auka vöxt í hagkerfinu.

### 9 milljónir
**á dag**

Félag múslíma á Íslandi leitar nú eftir fjármagni til þess að reisa hina fyrstu íslensku mosku. Félagið freistar þess að safna um 600 milljónum á rúmum tveimur mánuðum, eða rétt tæpum níu milljónum á dag, með aðstoð hópfjármögnunarsíðunnar GoGet Funding.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Axel rekur einnig Selfossbíó og mun bæta við nýjum sal þar á næstunni. MYND/ALEX MÁNI

# Opnar bíó í Eyjum

**Bíósalur verður opnaður í Kviku menningarhúsi í haust og fá Vestmannaeyingar bíó í fyrsta sinn í rúman áratug. 20 þúsund gesti þarf á ári til þess að dæmið gangi upp. Axel Ingi Viðarsson, sem stendur fyrir opnuninni, rekur einnig Selfossbíó.**

Axel Ingi Viðarsson, athafnamaður og leikstjóri, opnar á næstunni bíó í Vestmannaeyjum. Eyjabúar hafa verið bíólausir í fjórtán ár að sögn Axels og segist hann finna fyrir mikilli tilhlökkun af þeirra hálfu. Bíósalurinn verður í sýningarsal Kviku menningarhúss.

„Það er ekki alveg komin niðurnegld dagsetning á það hvenær við opnum, en þetta verður opnað í haust í Kviku,“ segir Axel. „Þetta verður einn salur, og mun hann taka hundrað manns í sæti.“ Axel er ekki ókunnugur bíórekstri, en hann opnaði Selfossbíó fyrir þremur árum.

Bæjarráð samþykkti hugmyndina á fundi sínum í vor og sagðist fagna aukinni fjölbreytni í menningu og afþreyingu eyjarinnar. Eyjafréttir greindu þá frá áformum Axels.

Almenningur hefur síðustu áratugi dregið verulega úr ferðum sínum í kvikmyndahús bæði vegna aukins niðurhals og aukins aðgengis að streymisþjónustu. Kjarninn greindi frá því í júlí að kvikmyndahúsum á Íslandi hafi fækkað um helming síðan árið 1995, úr 31 í 16. Öll kvikmyndahús, sem hefur verið lokað frá árinu 1995, voru utan höfuðborgarsvæðisins.

> **Við ætlum ekki að byrja í neinu brjálæði og fara svo að minnka, heldur byrja rólega og fjölga svo frekar sýningum.**
>
> Axel Ingi Viðarsson athafnamaður

Þrátt fyrir þetta segir Axel reksturinn hafa gengið vel á Selfossi og stefnir hann að því að opna annan sal þar í lok mánaðarins eða í byrjun september. Axel segir minni samkeppni spila þar inn í. „Ég er ekki með neina samkeppni. Í Reykjavík er fjöldi kvikmyndahúsa og miklu erfiðara fyrir þau að starfa vegna samkeppni. Ég slepp við hana. En bíórekstur er ekki auðveldur rekstur, það koma hæðir og lægðir.“

Axel áætlar að um átta til tíu manns muni starfa hjá bíóinu, sem mun einungis sýna nýjar myndir. Verðmiðinn verður svipaður og í öðrum bíóum eða um 1.550 krónur. Axel segist reikna með að þurfa 20 þúsund gesti á ári til að bíóið borgi sig. „Markaðssetningin skiptir öllu máli og svo verða Eyjamenn að átta sig á því að ef þeir sækja ekki bíóið verður þetta líklega aldrei gert aftur þar,“ segir Axel. Um 34 þúsund manns sóttu Selfossbíó á síðasta ári.

Í dag er Selfossbíó með daglegar sýningar og samtals þrjátíu sýningar í viku. Axel ætlar að fara hægar af stað í Eyjum. „Við ætlum að hafa sýningar frá fimmtudegi til sunnudags, þannig að samtals verða það um sjö til átta sýningar í viku. Við ætlum ekki að byrja í neinu brjálæði og fara svo að minnka, heldur byrja rólega og fjölga svo frekar sýningum.“ **saeunn@frettabladid.is**

## Á döfinni

**Miðvikudagur 17. ágúst**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Fimmtudagur 18. ágúst**
**N1**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Föstudagur 19. ágúst**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Samræmd vísitala neysluverðs í júlí 2016

**Mánudagur 22. ágúst**
**FJARSKIPTI**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir september 2016

**Þriðjudagur 20. júlí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Mánaðarleg launavísitala í júlí 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Greiðslujöfnunarvísitala í september 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala kaupmáttar launa í júlí 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í júlí 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Miðvikudagur 24. ágúst**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vinnumarkaður í júlí 2016

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála

**NÝHERJI**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**TM**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**REGINN**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Fimmtudagur 25. ágúst**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Kjötframleiðsla í júlí 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

**SÍMINN**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**VÍS**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**SJÓVÁ**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**EIMSKIP**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Föstudagur 26. ágúst**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala neysluverðs í ágúst 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Gögn tengd áramótastöðu íbúða- og sumarhúsa uppfærð á vefsvæði

**Þriðjudagur 30. ágúst**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í júlí 2016

# KERFIS- OG NETSTJÓRNUN

## MIKIL STARFSTÆKIFÆRI

### ÖFLUGT STARFSNÁM Í SAMSTARFI VIÐ MÖRG AF FREMSTU FYRIRTÆKJUM LANDSINS.

TÖLVUVIÐGERÐIR
NETKERFI & ÖRYGGI
WINDOWS & LINUX
STÝRING OFFICE 365 KERFA
MCSA- KERFISSTJÓRNUN
CISCO CCNA
CCNP

**MORGUNNÁM BYRJAR
30. ÁGÚST OG 13. OKTÓBER**
Þriðjudags-, fimmtudags-
og föstudagsmorgnar

**KVÖLD OG HELGARNÁM BYRJAR
29. ÁGÚST OG 12. OKTÓBER**
Mánudags- og miðvikudagskvöld
og laugardagsmorgnar

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv
Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

# Vöxtur útflutnings þarf að aukast

**Vel hefur gengið að viðhalda ytra jafnvægi síðustu ár og hagvöxtur hefur aukist. Vöxtur útflutnings hefur hins vegar verið hægur og drifinn áfram af ferðaþjónustu. Einsleitari útflutningur gerir hagkerfið berskjaldaðra. Efla þarf alþjóðageirann að mati Viðskiptaráðs.**



Útflutningur hefur vaxið hægt og orðið einsleitari, en ferðaþjónusta stendur nú undir þriðjungi heildarútflutnings segir í skýrslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útflutningur hefur vaxið hægt síðustu ár og orðið einsleitari. Ísland er enn langt frá því að brúa framleiðnibilið gagnvart grannríkjum. Í stað hærri framleiðni vinnuafls hefur vinnuframlag Íslendinga aukist enn frekar miðað við samanburðarlönd. Til að hagvöxtur geti bæði verið kröftugur og sjálfbær til lengri tíma þarf að stórefla alþjóðageirann. Þetta kemur fram í nýju riti Viðskiptaráðs, Leiðin að aukinni hagsæld, sem kemur út í dag.

Í ritinu eru helstu greiningar Íslandsskýrslu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company frá 2012 uppfærðar, efnahagsleg framvinda síðustu ára rýnd í ljósi niðurstaðna hennar og mat lagt á framvindu umbótatillagna sem lagðar voru fram í kjölfar útgáfu hennar.

Þegar skýrsla McKinsey kom út hafði Ísland glímt við viðvarandi viðskiptahalla og lága framleiðni. McKinsey lagði fram stefnu um að auka framleiðni í innlendri þjónustu og stuðla að tilfærslu vinnuafls yfir í alþjóðageirann, þar sem vaxtartækifæri væru meiri.

Það er mat Viðskiptaráðs að áhersla McKinsey á að auka framleiðni og uppbyggingu útflutningsgreina hafi náð áheyrn helstu hagsmunaaðila. Í ritinu kemur fram að vel hefur gengið að viðhalda ytra jafnvægi síðustu ár með lækkun erlendra skulda í kjölfar hagfelldra nauðasamninga við kröfuhafa föllnu bankanna og viðskiptaafgangi. Blikur séu hins vegar á lofti um að það gæti raskast á næstu árum. Útflutningur hafi einnig þróast öfugt við markmið McKinsey um hraðan og fjölbreyttan útflutningsvöxt.

Vöxtur útflutnings hafi verið undir markmiði á tímabilinu, á síðustu fjórum árum hefur landsframleiðsla vaxið um samtals tólf prósent á meðan útflutningur hefur vaxið um átta prósent. Vöxturinn hefur nær eingöngu verið drifinn áfram af ferðaþjónustu. Einsleitari útflutningur geri íslenska hagkerfið berskjaldaðra fyrir áföllum en áður. Til að tryggja ytra jafnvægi þarf bæði að tryggja að útflutningur þróist í samræmi við vöxt hagkerfisins og að erlend staða þjóðarbúsins versni ekki, það er að vöxtur hagkerfisins sé ekki tekinn að láni.

**3,4%**

**hagvöxtur hefur verið á ári frá því að skýrslan kom út.**

Fram kemur í ritinu að um þriðjungur umbótatillagna sem mótaðar voru í kjölfar McKinsey-skýrslunnar, með Samráðsvettvangi, hafi verið innleiddur á síðustu árum. Vel hafi gengið að innleiða þær tillögur sem snúa að þjóðhagsrammanum, alþjóðageiranum og innlendri þjónustu og opinberri þjónustu. Lítil framvinda hafi hins vegar átt sér stað í auðlindageiranum. Viðskiptaráð telur það varhugavert, sérstaklega í ljósi þess að geirinn stendur undir bróðurparti af útflutningstekjum Íslands og aukningu þeirra undanfarin ár.

Ólíklegt er að allar tillögur Samráðsvettvangsins komist til framkvæmda. Viðskiptaráð telur engu að síður að tillögurnar myndi mikilvægan grunn fyrir framtíðarstefnumörkun í efnahagsmálum og því sé afar brýnt að halda áfram með umfjöllun um efni þeirra.

Ein lykilskilaboð Íslandsskýrslu McKinsey voru að útflutningsvöxtur þyrfti að stærstum hluta að koma frá alþjóðageiranum, þeim hluta hagkerfisins sem flytur út vörur og þjónustu án þess að treysta á náttúruauðlindir. Til að hagvöxtur geti bæði verið kröftugur og sjálfbær til lengri tíma þarf að mati Viðskiptaráðs að stórefla alþjóðageirann. Íslendingar reiði sig í meiri mæli en áður á nýtingu takmarkaðra náttúruauðlinda, en heildarumsvif fyrirtækja innan alþjóðageirans hafi staðið í stað. Stjórnvöld þurfi áfram að vinna að umbótum sem styðja við hagvaxtaráætlun Íslands til lengri tíma litið.

saeunn@frettabladid.is



Bílar bannaðir í miðborg Óslóar 2019.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

## Tíu borgir takmarka bílaumferð

Frumvarp er í þróun í Noregi um að banna bensínbíla í landinu fyrir árið 2025. Árið 2015 tilkynntu yfirvöld í Ósló að allir bílar yrðu bannaðir í miðborginni fyrir árið 2019.

Ósló er ein af tíu borgum þar sem bílar verða bannaðir að einhverju leyti á næstu árum, samkvæmt úttekt Business Insider. Aðrar borgir sem eru með slíkar áætlanir eru meðal annars París, London og Brussel.

Í Madríd á Spáni verða bílar bannaðir í ákveðnum radíus í kringum miðborgina fyrir árið 2020, með þessu verður dregið verulega úr bílaumferð á svæðinu. Tuttugu og fjórar götur í borginni verða endurhannaðar til þæginda fyrir gangandi vegfarendur. – sg

## Útboð Ríkiskaupa stórhækkar raforkuverð

Nýr rammasamningur Ríkiskaupa um raforku hækkar verð sem menntastofnanir greiða fyrir rafmagn um allt að tuttugu prósent.

Raforka er í dag af skornum skammti og nýir samningar munu því hafa í för með sér mun hærra verð á rafmagni. 28 menntastofnanir fóru í sameiginlegt útboð á raforkukaupum í gegnum Ríkiskaup og vildu margir hverjir í krafti fjöldans og stærðar útboðsins reyna að fá lægra verð fyrir rafmagn en þeir eru þegar að nota.

**20%**

**hærra verð þurfa háskólarnir að greiða fyrir rafmagn**

Nýr rammasamningur tók gildi 1. júní síðastliðinn. Háskólar og menntaskólar landsins voru inni í þessu útboði og hækkar rafmagnsreikningurinn hjá hverjum og einum þeirra misjafnlega mikið, eftir því hvaða afslætti þeir voru með áður. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að rafmagnsreikningur Háskóla Íslands hækki um allt að 12 milljónir króna. Laufey Sigurðardóttir, rekstrarstjóri fasteigna Háskólans, segir það hafa verið vitað að verð myndi hækka í nýjum samningum þar sem fyrrverandi orkusalinn þeirra hafi ekki viljað framlengja samning sinn við HÍ. „Við þurftum því að fara inn í útboð með öllum menntastofnunum og reikningurinn mun því hækka hjá okkur,“ segir Laufey.

Örútboð Ríkiskaupa eru til þess fallin að fá sem best verð fyrir vörur sem hið opinbera þarfnast. Hins vegar er raforka ekki eins og önnur vara að því leyti að hún er ódýrari á sumrin og á nóttunni. HÍ nýtir vel raforku sem hann kaupir á meðan menntaskólar nýta orkuna í 9 mánuði á ári og eru þannig ekki nægjanlega góðir viðskiptavinir fyrir orkufyrirtækin. Því mun útboðið gera hið öfuga; hækka reikninga hins opinbera. – sa







Forsvarsmenn Norðursiglingar freista þess að ná betri nýtingu á skipum sínum með því að hefja starfsemi utan íslenskrar lögsögu.

## Norðursigling til Noregs

Norðursigling hefur ákveðið að stofna dótturfélag í Noregi og hefja siglingar þar í nóvember. Viðskiptavinum verður boðið í norðurljósaferðir.

„Við munum gera út frá Tromsö og vera með rafskútuna Ópal þar. Hvalaskoðunartímabilið er í nóvember, desember og janúar – hugsanlega eitthvað fram í febrúar. Samhliða því verður farið í norðurljósaferðir,“ segir Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Guðbjartur segir að Norðursigling hafi mjög fá verkefni fyrir hluta af bátunum yfir vetrarmánuðina. Því sé leitað leiða til þess að lengja tímabilið og finna bátunum verkefni við hæfi. Reksturinn í Noregi sé ein leið til þess.

„Við erum með á dagskrá í það minnsta einn bát og eigum eftir að taka ákvörðun um það hvort við tökum síðan fleiri báta,“ segir Guðbjartur. Í Noregi séu frábær skíðasvæði og fyrirtækið hafi verið með skíðaferðir á Eyjafjarðarsvæðinu og í Jökulfjörðum um nokkurt skeið. „Og við munum gera bátana út í hefðbundnar skíðaferðir í einhverja daga í senn á þessu svæði,“ segir Guðbjartur. – jhh


STEFÁN
HILMARS
HARPA 16.09.16
50
UPPSELT KL. 19.30
ATH. BREYTTUR TÍMI
AFMÆLISTÓNLEIKAR
STEFÁN FAGNAR 50 ÁRUM
ÁSAMT ÚRVALSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA
FLUTT VERÐA LÖG FRÁ 30 ÁRA FERLI
AUKATÓNLEIKAR KL. 22:30
SÉRSTAKIR GESTIR
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
JÓHANNA GUÐRÚN
PÁLL RÓSINKRANZ
GOSPELKÓRINN GISP!
HORNAFLOKKURINN HONK
& LEYNIGESTIR
EIMSKIP
styður við íslenska tónlist
BÍLALEIGA AKUREYRAR
Europcar
Miðasala á harpa.is & tix.is




Ólöf Birna Garðarsdóttir og Hildur Sigurðardóttir, eigendur Reykjavík Letterpress, eru báðar grafískir hönnuðir og unnu áður saman á auglýsingastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stefna sett á skandinavískan markað

**Reykjavík Letterpress er eina hönnunarstofan á Íslandi sem gerir út á letterpress eða hæðarprentun. Stofan selur meðal annars tækifæriskort, servíettur, glasamottur og minnisbækur í þrjátíu verslunum á landinu. Veltan hefur aukist um sextíu prósent á árinu. Flutningar eru á næsta leiti og viðræður standa yfir um aðkomu fjárfesta að fyrirtækinu. Eigendurnir ætla sér á erlendan markað á næsta ári.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Hönnunarstofan Reykjavík Letterpress fagnar sínu sjötta starfsári í september og var í síðasta mánuði valin ein af tíu bestu letterpress-prentstofum í heimi af hinu virta tímariti Print Magazine. Eftir fimm ára starf glímdi fyrirtækið við nokkurs konar vaxtarverki og fóru stofnendur þess, Ólöf Birna Garðarsdóttir og Hildur Sigurðardóttir, í kjölfarið í mikla naflaskoðun. Þær áttuðu sig á því að þær þyrftu að stækka við sig og fá utanaðkomandi fjárfesta til liðs við sig svo fyrirtækið næði að vaxa og dafna. Í ár er fyrirtækið í sókn og hefur veltan aukist um sextíu prósent á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við síðasta ár. Að auki stefna Ólöf og Hildur nú á erlendan markað á næsta ári.

## Einu sem gera út á hæðarprentun

Reykjavík Letterpress er eina hönnunarstofan á Íslandi sem gerir út á letterpress sem byggist á aldagamalli aðferð og heitir á íslensku hæðarprentun. Aðferðin er frábrugðin hefðbundinni offsetprentun með sýnilegri og áþreifanlegri áferð. Notuð er Heidelberg-prentvél og eru helstu verkefnin sérverkefni fyrir einstaklinga og fyrirtæki eins og nafnspjöld, boðskort í hvers konar viðburði og kynningarefni fyrir vöru eða þjónustu. Mörg þessara verkefna koma í gegnum auglýsingastofur og viðburðafyrirtæki. Einnig framleiðir Reykjavík Letterpress sína eigin vörulínu sem samanstendur meðal annars af tækifæriskortum, hengimiðum, servíettum, glasamottum og minnisbókum og eru vörurnar seldar í um þrjátíu verslunum á landinu.

Ólöf og Hildur eru báðar grafískir hönnuðir og unnu áður saman á auglýsingastofu. Hugmyndin að fyrirtækinu kviknaði í ársbyrjun 2010 og níu mánuðum seinna voru Ólöf og Hildur búnar að festa kaup á vélum og koma sér fyrir á Lindargötu. Þær eru enn þá í því rými sem er um hundrað fermetrar að stærð, en stefna að flutningum út á Granda í næsta mánuði í tæplega þrjú hundruð fermetra húsnæði.

## Hæðarprentun í lægð á Íslandi

„Þegar við fórum af stað var þessi tegund prentunar búin að vera í ákveðinni lægð á Íslandi. Það var orðið mjög erfitt sem hönnuður að fara inn í prentsmiðju og óska til dæmis eftir hæðarprentuðu nafnspjaldi þar sem áherslurnar eru aðrar hjá stærri prentsmiðjunum,“ segir Ólöf. „Við vissum því ekki hvernig okkur yrði tekið, hvort prentsmiðjurnar vildu sjálfar nýta sér þetta tækifæri en raunin hefur verið sú að okkur hefur verið sýnd mikil velvild og það er ósjaldan sem fólki er vísað til okkar af stóru prentsmiðjunum.“

„Þegar við vorum búnar að ráðfæra okkur við ýmsa og fara í eins konar rannsóknarferð, meðal annars til New York, vorið 2010 áttuðum við okkur á því hvernig tæki og tól við þyrftum til þess að geta hafist handa. Við fundum auglýsta á netinu litla prentsmiðju til sölu og var hún í eigu Páls Bjarnasonar. Hann var búinn að starfa í bílskúrnum sínum í Kópavogi í áratugi og var orðinn 84 ára. Þar sem við byrjuðum með tvær hendur tómar vildum við bara kaupa eina vél frá honum en hann var alveg ákveðinn og vildi bara selja okkur allt eða ekkert, sem var frábært,“ segir Ólöf.

„Við fórum í heimsókn til hans og féllum alveg fyrir honum og öllum græjunum sem hann átti. Við vorum mjög heppnar svona eftir á að hyggja að fá þetta allt á sama stað,“ segir Hildur. „Við vorum svo fram í nóvember eins og gráir kettir í bílskúrnum hjá Páli. Hann kenndi okkur grunninn og hjálpaði okkur að vinna fyrstu verkefnin okkar.“ Fyrsta verkefni tvíeykisins var boðskortið í brúðkaupið hennar Hildar. „Það var æðislegt prufuverkefni,“ segir Ólöf og hlær.

## Gat á markaðnum

„Þegar við vorum nýfluttar á Lindargötuna fengum við símtal frá einni af stóru auglýsingastofunum sem bað um að fá að koma í heimsókn og þannig fundum við fyrir því strax að fólk var spennt að sjá hvað við vorum að gera. Í framhaldinu fylgdu svo fleiri auglýsingastofur og hönnuðir og það var greinilega gat á markaðnum og áhugi fyrir prentaðferð af þessu tagi,“ segir Hildur.

Þær Ólöf taka báðar fram að samvinna við aðrar prentsmiðjur hér á landi og við auglýsingastofur hafi verið gríðarlega góð. „Við vinnum vel með þessum fyrirtækjum og erum ekki þannig séð í beinni samkeppni. Við finnum fyrir því að fólk samgleðst með okkur og að við erum öll í sama liði,“ segir Hildur.

„Við fengum mjög góða aðstoð frá lykilmönnum í prentiðnaðinum þegar við byrjuðum, m.a. frá Gunnari Eggerts. Þeir fluttu inn fyrir okkur rándýran pappírslager og geyma fyrir okkur og það er ómetanlegt. Einnig voru okkur innan handar aðilar eins og Guðjón Ó, Kjartan í Miðaprenti og Sófus sem stýrir prentdeildinni í Tækniskólanum. Þessir aðilar áttu stóran þátt í því að við fórum vel af stað,“ segir Ólöf.

> **Þegar við fórum af stað var þessi tegund prentunar búin að vera í ákveðinni lægð á Íslandi. Það var orðið mjög erfitt sem hönnuður að fara inn í prentsmiðju og óska til dæmis eftir hæðarprentuðu nafnspjaldi.**
>
> Ólöf Birna Garðarsdóttir

> **Það var greinilega gat á markaðnum og áhugi fyrir prentaðferð af þessu tagi.**
>
> Hildur Sigurðardóttir

## Úr tveimur í fimm starfsmenn

Fyrstu tvö árin voru þær einar á stofunni og einbeittu sér að því að læra prentaðferðina almennilega. Frá árinu 2012 hefur hins vegar prentari unnið hjá fyrirtækinu og eru þær Hildur og Ólöf lítið að prenta sjálfar í dag. „Guðmundur Helgi Helgason hóf störf haustið 2012, en hann hafði lært þessa aðferð á sínum tíma. Hans þekking færði okkur upp á annað plan,“ segir Hildur. Þær hafa á síðustu árum bætt við tveimur starfsmönnum, sölumanni og prentnema. „Við erum svo búnar að kaupa aðra vél og við erum virkilega að gæta þess að þekkingin glatist ekki og að framboð okkar vaxi,“ segir Hildur.

## 40 til 50 prósent veltuaukning

Á stuttum tíma óx fyrirtækið mjög hratt. Það tók fyrstu þrjú til fjögur árin að koma út á núlli, en veltan jókst alltaf árlega um fjörutíu til

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
17. ÁGÚST 2016 MIÐVIKUDAGUR

# SEGI ÞAÐ SEM MÉR FINNST FYNDIÐ

Bylgja Babýlons er ein fyndnasta manneskja landsins. Hún stendur fyrir vikulegum, mánaðarlegum og tilviljanakenndum uppistöndum og næstu dagar verða sérlega annasamir. Og svo þarf að huga að jólunum.

Í kvöld verðum við Jonathan Duffy með uppistand á ensku á Gauknum sem heitir „The Minority Report“ og er alltaf sýnt á miðvikudögum. Þessi kvöld voru hugsuð fyrir túristana en yfirleitt er helmingur gestanna íslenskur. Annað kvöld er svo „HAHA Voða fyndið – Grínkvöldið mikla“ á Rosenberg sem byrjaði þegar Rosenberg átti laust kvöld, hóaði í Hugleik Dagsson og bað hann að setja eitthvert uppistand á svið. Það varð svona líka tussuvinsælt svo við hentum í þrjú kvöld í viðbót. Auk mín, Jónatans og Hugleiks koma Snjólaug Lúðvíksdóttir, Jóhannes Ingi og Andri Ívarsson fram á grínkvöldunum miklu og svo fáum við ferskan kynni í hvert sinn og annað kvöld er það Margrét Erla Maack. Ég, Hugleikur og Jonathan erum með uppistand á Gauknum á Menningarnótt sem heitir „The Devils Threesome“ og síðan held ég sjálf úti mánaðarlegum kvöldum sem heita „Sunnudags Stattupp“, næsta kvöld er á sunnudaginn. Þar er „open mic“ eða opinn hljóðnemi á íslensku þar sem allir geta komið og prófað efnið sitt.


Bylgja Babýlons verður með nánast daglegt uppistand næstu daga. Ekki missa af því!

**HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ MEÐ UPPISTAND?**

Ég er búin að vera að þessu í rétt rúm tvö ár núna en fór ekki að gera þetta að atvinnu fyrr en í febrúar síðastliðnum. Núna er ég í þessu og svona alls konar tilfallandi á daginn. Ég afgreiði bjór á börum og málaði meira að segja Kiki queer bar um daginn.

**HVER ER UPPÁHALDS-UPPISTANDARINN ÞINN?**

Ég á mér í rauninni enga uppáhaldsuppistandara og horfi furðulega lítið á uppistand.

**HVERNIG VAR Í BERLÍN?**

Ég fór til Berlínar í sumar með Jonathan, það var mega gaman. Fullt af útlendingum sem búa þar og hafa húmor, þó Þjóðverjarnir séu sjálfir kannski ekkert rosa mikið í því.

**HVERNIG ER VEL HEPPNAÐ KVÖLD Í UPPISTANDI?**

Fullur salur af hressu fólki sem kemur til að hlæja og uppistandari í góðu skapi.

**HVERNIG ER MISHEPPNAÐ KVÖLD Í UPPISTANDI?**

Þegar einhver er að skipuleggja alvarlega samkomu eða ráðstefnu og bókar uppistandara öllum að óvörum. Þá verður oft frekar súr stemming. Á uppistandskvöldum er ekkert sem heitir vondur salur, bara vond stemming sem uppistandarar þurfa að læra að díla við.

**ERTU STRESSUÐ FYRIR SÝNINGAR?**

Þegar ég var að byrja var ég það. Það er aðeins minna í dag, stöku stresskúkur en það kemur bara í veg fyrir hægðatregðu.

**HVERNIG ERU ÞÍN EFNISTÖK?**

Ég hef enga ákveðna stefnu eða fyrirmynd þegar ég skrifa uppistand. Ég segi eiginlega bara það sem mér finnst fyndið og treysti á að öðrum finnist það líka fyndið. Það hefur virkað hingað til. Mér finnst kúkur og blæðingar mjög fyndið og sem betur fer flestum.

**HVAÐ TEKUR VIÐ EFTIR ÞESSA ANNASÖMU HELGI?**

Fullt fullt. Ég ætla í sveitasæluna á Flateyri síðustu helgina í ágúst að skemmta fólki á grínmyndahátíð. Ég er svo með vikuleg uppistönd með Jonathan á Gauknum áfram í vetur og við Snjólaug höldum úti pöbbkvissi á Bravó tvisvar í mánuði. Ég held áfram með Stattupp einn sunnudag í mánuði og svo er ég líka reglulega á Gauknum á mánudögum en þar er „open mic“ á ensku sem er magnaður vettvangur til að æfa enskuna. Síðan koma jólin bráðum. Þarf ekki að fara að huga að þeim?






# BÓK SEM BEÐIÐ HEFUR VERIÐ EFTIR

**Sigríður Lára Sigurjónsdóttir** segist hafa farið út í bókaútgáfu fyrir tilviljun. Á föstudaginn verður útgáfu bókarinnar 101 Austurland – Tindar og toppar fagnað en bókin fjallar um gönguleiðir á Austurlandi og er mikil eftirspurn eftir henni.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Í tilefni af útgáfu bókarinnar 101 Austurland – Tindar og toppar eftir Skúla Júlíusson verður blásið til útgáfuhófs næstkomandi föstudag klukkan fimm í Eymundsson Austurstræti. Forlagið Bókstafur gefur bókina út en þetta er annað árið sem forlagið starfar og er það með aðsetur á Egilsstöðum. Forlagið var stofnað af þeim Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og Sigurlaugu Gunnarsdóttur. Sigríður Lára, eða Sigga Lára eins og hún er yfirleitt kölluð, er bókmenntafræðingur og er með mastersgráðu í bæði bókmenntafræði og í hagnýtri ritstjórn og útgáfu. Hún segir það þó hafa verið tilviljun að hún fór út í bókaútgáfu. „Ég gaf út bók eftir sjálfa mig árið 2014 og þá vorum við nokkur hér á Egilsstöðum sem vorum að gefa út eigin bækur og fórum að hafa samstarf. Það vantar störf hér fyrir fólk sem er með menntun í hug- og félagsvísindagreinum. Ef fólk er með svoleiðis menntun og vill búa á Austurlandi þá verður það eiginlega að kenna, það er lítið annað að gera. Við sem erum í sprotafyrirtækjabransanum höfum því verið að reyna að búa til störf í einhverju öðru.“



Skúli Júlíusson er höfundur bókarinnar 101 Austurland – Tindar og toppar. Í bókinni má finna allar upplýsingar um gönguleiðir á svæðinu sem hingað til hafa ekki verið mjög aðgengilegar.




Útgáfuhóf vegna útkomu bókarinnar 101 Austurland – Tindar og toppar verður haldið á föstudag.

> Við erum nokkuð bjartsýn á framhaldið og draumurinn er að geta ráðið fleiri til okkar.
>
> Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

### EFNIÐ TENGIST AUSTURLANDI

Þær Sigga Lára og Sigurlaug fengu styrk hjá því sem hét Menningarráð Austurlands, til að byrja með Bókstaf. Síðan þá hefur bæst í eigendahópinn og eru komnir þrír meðeigendur í viðbót, þær Íris Randversdóttir, Svandís Sigurjónsdóttir og Þórunn Hálfdánardóttir. „Forlagið gaf út fimm bækur í fyrra og það eru fjórar komnar núna. Við erum nokkuð bjartsýn á framhaldið og draumurinn er að geta ráðið fleiri til okkar. Í því liggur vöxturinn, við gætum verið að gera meira ef við hefðum ráð á því að vera með fleira fólk í vinnu,“ útskýrir Sigga Lára.

Hún segir þær annars vegar hafa gefið út það sem þær langar til að gefa út og hins vegar það sem hafi komið upp í hendurnar á þeim. „Við höfum gefið út svolítið af ljóðabókum, tvær í fyrra og eina á þessu ári. Við höfum líka gefið út bækur eftir írskan höfund sem heitir Marian Keyes og ætlum að halda áfram með hana. Við leggjum áherslu á þýðingar og útgáfu efnis sem tengist Austurlandi og fólkinu sem býr hér.“



Sigríður Lára segir erfitt fyrir fólk með menntun í hug- og félagsvísindum að fá störf við hæfi á Austurlandi. Hún og fleiri í sprotafyrirtækjabransanum hafa því verið að reyna að búa til störf í einhverju öðru. MYND/AUSTURFRÉTT

### EFTIRSPURN EFTIR FJALLABÓK

Bókin 101 Austurland – Tindar og toppar sem er tilefni útgáfuhófsins á föstudag er eftir fjallaleiðsögumanninn Skúla Júlíusson af Austurlandi og í henni er 101 fjallgönguleið. „Ástæðan fyrir því að við gefum út þessa bók er að það er svo lítið til um fjöll á Austurlandi í þeim leiðsögubókum sem komnar eru út. Skúli hefur farið þessar leiðir allar margoft og hefur verið duglegur að taka myndir og safna upplýsingum þannig að hann hefði sennilega getað haft 300 fjöll í þessari bók,“ segir Sigga Lára brosandi og bætir við að Skúli sjálfur verði á staðnum á föstudag og kynni bókina og áriti fyrir fjallagarpa.

Bókin fjallar um gönguleiðir fyrir bæði byrjendur og lengra komna göngumenn. Leiðirnar eru af öllum erfiðleikastigum og eru merktar eftir þeim. Í bókinni eru allar upplýsingar um gönguleiðirnar, myndir af þeim, kort og QR-kóðar sem hægt er að skanna inn í síma. „Ferðamennska og fjallamennska hafa vaxið gríðarlega hér fyrir austan og það er mikil eftirspurn eftir þessari bók. Hún er komin í þýðingu og kemur sennilega út bæði á ensku og þýsku eftir áramótin. Auk þess er Skúli með fleiri bækur í pípunum um gönguleiðir á Austurlandi.“

Á næstunni kemur út hjá Bókstaf listaverkabók með hestamyndum listamannsins Péturs Behrens. „Hún verður með skýringartextum á íslensku, ensku og þýsku. Svo kemur út allavega ein unglingabók fyrir jólin hjá okkur og við ætlum að halda áfram að þýða Marian Keyes. Síðan koma væntanlega fleiri fjallabækur frá Skúla og Pétur er líka með fleiri listaverkabækur í smíðum þannig að þetta verður kannski mikið í seríum hjá okkur á næstunni en við vonumst til að gefa út nokkrar bækur á næsta ári.“




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



M.BENZ Citan diesel. Árgerð 2014, ekinn 23 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.490.000 + VSK. Rnr.311676.



SUZUKI Swift gl 4wd. Árgerð 2013, ekinn 59 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.980.000. Rnr.151636.



HONDA Cr-v elegance. Árgerð 2016, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.940.000. Rnr.151637.

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Rav4 gx plus diesel. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.151625.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2012, ekinn 79 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.leður.webasto-miðstöð. ofl. Verð 3.490.000. Rnr.109060. BILAMARKADURINN.IS 5671800



TOYOTA Corolla verso sol 7 sæta. Árgerð 2005, ekinn 186 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 950.000. Rnr.233332. BILAMARKADURINN.IS 5671800



LAND ROVER 110 defender tdi. Árgerð 1995, ekinn 116 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.109051. BILAMARKADURINN.IS 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**hjól.is**
bestir í hjólum..



**FLOTTUR KAWASAKI !!!**
Kawasaki Vulcan 750 árg 1999 ek 13 þús mílur, topp hjól, nýr geymir, olia ofl, möguleiki á 100% vísaláni, tilboðsverð 470 þús, gsm 899-8471

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**bíll.is**
bestir í bílum...



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !**
FORD ESCAPE XLT árg. 2001 ek. 170 þkm, Sjálfsk, dráttarbeysli, nýleg dekk, möguleiki á 100% vísaláni, tilboðsverð 390 þús gsm 899-8471



**ÚTSALA DISEL ÚTSALA !!**
SKODA OCTAVIA TD árg. 2008 ek. 138 þkm, 5 gíra, dráttarkrókur, nýleg dekk, frábært eintak, tilboðsverð 1390 þús gsm 899-8471

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**




**SUZUKI**



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Bíll óskast fyrir ca. 250-400 þús. stg. Upplýsingar í síma: 7881155





**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Mótorhjól




## Lyftarar




## Bátar




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar




**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Til sölu

**SALA Á EIGNUM DÁNARBÚS**
Á fimmt 18. ág verður sala á eignum dánarbús í Langagerði 118, 104 rvk frá kl: 18-21. Ýmsir smámunir en einnig stærri húsgögnum.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Námskeið

**KAJAKNÁMSKEIÐ**
Haustsjórinn er hlýr - bátar og búnaður eftir þörfum.

Verð kr. 30 þús. 10 klst.

Dagana 29.8. - 2.9. kl. 17-19

Helgarnar 3.-4. og 10.-11. sept. kl. 13-15:30.

**Gísli, 8220536, facebook.com/kajakskolinn**

## Fatnaður

**ÞÚ FÆRÐ FULLAN FATAPOKA Á 500 KR STK**
í Nytjamörkuðum Fjölskylduhjálpar Íslands í Iðufelli 14 opið virka daga frá kl. 13 til 17 og í Hamraborg 9 í Kóp opið virka daga frá 13 til 18.
**Allir velkomnir.**

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Fyrir veiðimenn

**LAXVEIÐI**
Veiðileyfi í Ytri Rangá 20.-22. ágúst, 1 stöng í 2 daga, til sölu. Hálfur, heill, hálfur. Besta laxveiðiá landsins um þessar mundir. Selst á kostnaðarverði vegna forfalla.

Upplýsingar í s. 896-1413 og 564-1409, Jón.

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

33 kk óskar eftir lítilli íbúð í Reykjavík. Greiðslugeta 80- 110þ.kr. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 6594505

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði

**FIRMA SSVERK.**
zatrudni pracowników do prac ziemnych przy ukladaniu swiatlowodów. Oferujemy duzo pracy i duzo nadgodzin. prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is & tel. 847 7663

**ATVINNA Á SJÓ!**
Grænlenskt útgerðarfyrirtæki auglýsir eftir vönum matsvein til starfa á frystitogara. Kostur ef viðkomandi talar og skrifar dönsku eða norsku. Um er að ræða framtíðarstarf fyrir réttan aðila.
**Áhugasamir sendi umsókn á; elias@rgp.gl með ferilskrá.**

MOSFELLS BAKARÍ

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Reykjavík og Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ BAKARÍ

Kornið Bakery is looking for assistants in the Bakery. Please send you job application to umsokn@kornid.is market as "bakery"

**VEITINGAHÚSIÐ LAUGA-ÁS**
óskar eftir hressu og glaðlyndu starfsfólki til að vinna í hádeginu alla virka daga frá 10:00-15:00 og einnig í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á johann@laugaas.is




Símar 662 7222 og 578 6262
Vefverslun: vonogbjargir.is
Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.
Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.

**N1 framtíðarstörf**

**Við leitum að kraftmiklu og þjónustufúsu fólki í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini á þjónustustöðvar okkar víðs vegar um landið.**

Um er að ræða störf við úti- og inniþjónustu. Unnið er á vöktum.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt framtíðarstörf.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

N1

## bílar til sölu







**CHEVROLET Silverado** 3500 hd high country. Árgerð 2016, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur 6 gírar.Leður,lúga og fl Verð 9.100.000. Lækkað Verð. **vsk verð kr 11.290 var 11.580 m/vsk** Rnr.115365.




**FORD F350 lariat.** Árgerð 2016, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur.leður ,lúga og fl Verð 8.530.000.án vsk Lækkað Verð.. **vsk verð kr 10.580 var 10.880 m/vsk** Rnr.115367.




**FORD F350 platinum.** 37" breittur Árgerð 2016, nýr bíll dísel, sjálfskiptur. Lækkað Verð.. **vsk verð kr 12.490 var 12.980 m/vsk Verð 10.070.000.án vsk** Rnr.211448.




**DODGE Ram 3500 laramie**. Árgerð 2016 ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. leður,lúga og fl Verð 7.800.+vsk Lækkað Verð. **vsk verð kr 9.680 var 9.980 m/vsk**



**FORD E350.** Árgerð 2004, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.4wd Einn m öllu tilbúin hvert sem er. **Verð 9.980.000.** Rnr.115385.

Yfir 100 bílar á staðnum | Bíll með myndum selst betur | Innisalur

fimmtíu prósent fyrstu fjögur árin. Rekstrarform fyrirtækisins er margþætt; prentþjónusta, vöruhönnun og framleiðsla og grafísk hönnun. „Við vorum að fylgjast með öðrum nýsköpunarfyrirtækjum sem voru með skýrari starfsemi og fóru öðruvísi af stað og flugu áfram. Um leið og það hefur stundum reynst snúið að vera með marga bolta á lofti höfum við á sama tíma verið sannfærðar um að til lengri tíma litið verði það styrkur fyrir okkur,“ segir Ólöf.

„Árið 2015 stóð veltan hins vegar í stað,“ segir Ólöf. „Það má segja að árið 2015 hafi farið í dálítið stífa naflaskoðun. Við vorum búnar að hlaupa rosalega hratt fyrstu árin okkar og vorum orðnar þreyttar. Eðlilega höfðum við þurft að halda niðri öllum kostnaði, og vorum orðnar þyrstar í að sjá meiri ávöxt af því sem við vorum búnar að hamast við að leggja á okkur. Þessi óþreyja vakti okkur til umhugsunar um hversu mikla trú við höfðum í raun á fyrirtækinu og eins og flest nýsköpunarfyrirtæki standa frammi fyrir þá þarf að staldra við og grandskoða hvernig á að komast í næstu tröppu,“ segir Ólöf.

### Fókus á innviði í fyrra

Þær Hildur leituðu þá ráða hjá ýmsum reynsluboltum í rekstri í byrjun síðasta árs og upp frá því fóru þær að vinna að lausnum og nýjum leiðum. „Fókusinn fór því mikið í innviði rekstursins í fyrra,“ segir Hildur.

„Við fórum að skoða hvernig við myndum byggja upp hvert svið fyrir sig og áttuðum okkur á því að við þyrftum rýmra húsnæði til að ráða við þessa stækkun og þróunarvinnu sem við sáum fyrir okkur,“ segir Ólöf.

### Viðræður við fjárfesta

Þær áttuðu sig einnig á því að þær þyrftu ytra fjármagn til að vaxa og eru nú í viðræðum við fjárfesta varðandi möguleika á hlutafjáraukningu í fyrirtækinu.

Það sem af er ári hefur reksturinn gengið mjög vel. „Ef við berum saman fyrsta hálfa árið núna og fyrsta hálfa árið í fyrra erum við komin á mjög góðan skrið og erum með sextíu prósent meiri veltu,“ segir Hildur.

Hingað til hefur hönnunarstofan einungis verið að selja vörur hér á landi. „En nú erum við að skoða útlönd og höfum gert markaðsáætlun með það í huga. Stefnan er sett á skandinavískan markað á næsta ári,“ segir Hildur.

Í síðasta mánuði var Reykjavík Letterpress valin ein af tíu bestu hæðarprentstofum í heimi af hinu virta tímariti Print Magazine. Hildur segir það skipta miklu máli þegar horft er til erlendra markaða. „Þetta var skemmtileg og óvænt ánægja og mikill heiður að fá þessa viðurkenningu,“ segir Hildur.

### Vinna fyrir IKEA

Frá árinu 2014 hafa Hildur og Ólöf unnið ýmis verkefni fyrir IKEA. „Þetta er allt hönnunarvinna en ekki frágangur og prentun og allt vörur sem fara í verslanir IKEA á heimsvísu. Fyrsta verkefnið hjá IKEA var lítil lína sem kom út vorið 2015. Við hönnuðum límmiða, miða og pappír fyrir línu sem snerist um að varðveita mat í fallegum ílátum. Línan var framleidd í takmörkuðu magni og seld í sex til átta vikur,“ segir Hildur.

„Síðan þá höfum við fengið nokkur minni verkefni og eitt stórt sem kemur í apríl á næsta ári og er ekki með takmarkaðan sölutíma. Við erum svo með áframhaldandi samning sem hönnuðir, þannig að ef vörustjóra, sem eru að vinna ákveðnar línur fyrir haustið 2018, vantar til dæmis mynstur eða grafíska lausn fyrir tiltekna línu þá erum við á lista sem grafískir hönnuðir og getum leyst svoleiðis hluti.“

Þær eru sammála um að það hafi verið skemmtileg reynsla að vinna fyrir IKEA og því hafa fylgt alls konar ferðalög og fóru þær til að mynda í sérstaka ferð til pappírsframleiðanda í Wales til að velja efni fyrir hönnun sína. Einnig hafa svokallaðir hönnunarhittingar í höfuðstöðvum IKEA farið fram með reglulegu millibili og þar hafa þær hitt hönnuði alls staðar að úr heiminum. „Þessi IKEA-verkefni hafa verið óvænt hliðarspor í okkar rekstri og óhætt að segja að þau hafa verið hrikalega gefandi og skemmtileg,“ segir Ólöf.

### Selja í 30 búðum

Vörulína Reykjavík Letterpress er í dag seld í þrjátíu búðum á Íslandi og stefna þær Ólöf og Hildur á fleiri verslanir. „Við seljum mikið í hönnunarbúðum og verslunum þar sem ferðamenn eru á vappi en erum líka að færa okkur í hverfistengdar blómabúðir til að auðveldara sé fyrir fólk að nálgast vörurnar okkar,“ segir Ólöf. Á næstu misserum ætla þær að bæta verulega við úrvalið. „Okkur langar meðal annars að fjölga tegundum minnisbóka ásamt því að bæta ýmsu í flóruna og koma með nýjar línur reglulega. Við munum ef til vill skipta örar út, meðfram klassískum vörum sem eru komnar til að vera,“ segir Hildur. „Einnig höfum við selt fjöldann allan af póstkortum til ferðamanna og ætlum að bæta við þá línu á næstu misserum.“

„Svo höfum við í hyggju að framleiða gjafapappír í stíl við línurnar, og hann yrði þá prentaður annars staðar,“ segir Ólöf. „Við sjáum líka fram á að framleiða vörur sem eru hönnunarlega partur af heildarlínunni en verða ekki endilega hæðarprentaðar.“

### Nýtt húsnæði á Granda

„Eins og staðan er núna eru starfsmenn fyrirtækisins fimm og til að byrja með bætast í hópinn sjálfstætt starfandi hönnuðir sem munu leigja hjá okkur stóla og við kaupum svo af þeim vinnu eftir þörfum,“ segir Hildur.

„Nýja húsnæðið úti á Granda er þeim kostum gætt að það er með þenslumöguleika. Við erum að stækka mjög mikið og förum nú úr hundrað fermetrum í tæplega þrjú hundruð. Með þessu erum við að búa til vinnustað þar sem verður fleira fólk, meira flæði og meira líf,“ segir Ólöf.

Ólöf og Hildur líta björtum augum til framtíðar. „Það eru enn þá margir tæknilegir möguleikar eftir sem okkur langar að geta boðið upp á í prentlausnum og vörulínan okkar er í stöðugri þróun. Tækifærin eru endalaus, það er nóg eftir og við erum rétt að byrja,“ segir Hildur










Hæðarprentunin er einstök hérlendis, hönnunarstofan framleiðir meðal annars tækifæriskort. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**60%**

**veltuaukning hefur orðið hjá Reykjavík Letterpress í ár miðað við sama tíma í fyrra.**

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store | Google Play | Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

MARÍA BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR



## Nýr ráðgjafi hjá Expectus

María Björk Óskarsdóttir, viðskiptafræðingur og ráðgjafi, hefur verið ráðin til ráðgjafarfyrirtækisins Expectus. Hún mun verða í hópi ráðgjafa í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja.

María Björk býr yfir víðtækri starfsreynslu til fjölda ára tengdri fyrirtækjarekstri, markaðsráðgjöf, námskeiðahaldi auk verkefna- og framkvæmdastjórnar ólíkra verkefna. Hún er cand.oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, hefur lært markþjálfun og lokið PMD-stjórnendanámi frá Háskólanum í Reykjavík. – **sg**

JÓHANNES STEFÁNSSON



## Leysir Ara af

Jóhannes Stefánsson, aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra, mun leysa Ara Guðjónsson, aðstoðaryfirlögfræðing Icelandair Group, af frá fyrsta nóvember fram til lok maí á næsta ári.

Jóhannes hefur starfað sem aðstoðarmaður Illuga frá síðasta hausti. Hann er héraðsdómslögmaður og starfaði áður sem blaðamaður á Viðskiptablaðinu og þar áður sem fréttamaður á fréttastofu 365. – **sg**

ÁRNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR



## Til Land lögmanna

Árný Guðjónsdóttir héraðsdómslögmaður hefur hafið störf hjá Land lögmönnum. Meginstarfsstöð Árnýjar er í Kópavogi segir í tilkynningu.

Árný útskrifaðist með meistaragráðu í lögum frá Háskólanum á Bifröst árið 2010 og fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið fyrir meistararitgerð. Frá útskrift hefur Árný sinnt margvíslegum störfum innan lögfræðinnar ásamt kennslu við Háskólann á Bifröst og Opna háskólann í HR. – **sg**



**Páll M. Ríkharðsson bjó í Danmörku í 23 ár og hefur kennt víða um heiminn.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Vill fleiri erlenda nema í HR

Páll M. Ríkharðsson er nýr forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík. Hann hefur verið í fullri stöðu hjá HR frá árinu 2013, en áður bjó hann tuttugu og þrjú ár í Danmörku. Utan vinnunnar ferðast Páll mikið með fjölskyldunni og stundar köfun. Honum finnst sjórinn alltaf skemmtilegastur til köfunar.

## SVIPMYND
**PÁLL M. RÍKHARÐSSON**

Páll M. Ríkharðsson tók við starfi forseta viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík á mánudag. Hann var skipaður prófessor við viðskiptadeild HR fyrr á þessu ári og hefur gegnt stöðu dósents í hlutastarfi frá árinu 2007 og fullri stöðu síðan 2013. Hann hefur auk þess verið forstöðumaður námsbrauta í upplýsingastjórnun, stjórnunarreikningsskilum, endurskoðun og fjármálum.

„Þetta er gríðarlega spennandi áskorun. Ég tek við frábærum stað. Við erum með góða ferla, mjög góða kennara, bæði íslenska og alþjóðlega, og við erum með mjög áhugaverða línu og prógramm. Það sem mig langar að beita mér fyrir er hreinlega að líta á menntun sem útflutningsvöru. Í háskólum sem ég hef verið í erlendis, eins og í Ástralíu, er gert út á erlendan markað,“ segir Páll.

„Við erum með sömu gæðastimpla og aðrar erlendar stofnanir sem við líkjum okkur saman við og Ísland er með góða ímynd út á við. Mig langar að athuga þann möguleika að auka fjölbreytni og alþjóðavæðingu hjá okkur. Í viðskiptadeild eru um tuttugu prósent nema erlendir en þar er mikið um skiptinema. Mig langar að fá nemendur í fullt nám sem geta, eftir að þeir eru búnir að vera hérna, gefið eitthvað af sér til íslensks samfélags,“ segir Páll.

Páll hefur víðtæka reynslu og þekkingu á fjölbreyttum sviðum íslensks og alþjóðlegs viðskiptalífs og hefur birt fjölda greina um viðskiptagreind, stjórnunarreikningsskil og innra eftirlit. Hann hefur eytt miklum hluta ferilsins erlendis. Hann bjó í tuttugu og þrjú ár í Danmörku þaðan sem hann lauk doktorsprófi í viðskiptafræði árið 1997 frá Aarhus School of Business í Árósum. Hann gegndi stöðu dósents í reikningshaldi og upplýsingatækni við Aarhus School of Business árin 2000 til 2007 og hefur undanfarin ár einnig kennt við Árósaháskóla og Copenhagen Business School. Hann hefur einnig kennt við háskóla í Ástralíu og í Bandaríkjunum.

> **Ég hef verið í vinnu þar sem ég ferðaðist hundrað daga á ári og tók alltaf köfunardótið með og hitti fólk.**
>
> Páll M. Ríkharðsson, forseti viðskiptadeildar HR

Kona Páls er Jennifer Kricker, hún er frá Ástralíu og starfar sem lífefnafræðingur hjá Háskóla Íslands. Þau Páll eiga samanlagt fjögur börn og ferðast fjölskyldan mikið saman.

Helsta áhugamál Páls er að kafa. „Ég er búinn að kafa í fimmtán ár, ég hef verið í vinnu þar sem ég ferðaðist hundrað daga á ári og tók alltaf köfunardótið með og hitti fólk. Ég hef kafað frá strandlengju tuttugu og fimm landa. Þetta er frábær tilfinning, það eru engir símar, engir fundir og engin börn þarna niðri og svo sér maður hluti þarna sem maður sér ekki erlendis,“ segir Páll.

Hann er í Sportkafarafélaginu og fer reglulega að kafa á Íslandi og finnst stjórinn alltaf skemmtilegastur til að kafa í.

**saeunn@frettabladid.is**

# Vefrisinn Google með nýtt stýrikerfi í smíðum

Forsvarsmenn Google eru að smíða nýtt stýrikerfi sem er alveg ótengt Android. Síða um nýja stýrikerfið, sem nefnist Fuchsia, birtist á dögunum á kóðasíðunni GitHub.

Milljarðar snjallsíma styðjast við Android-stýrikerfi Google í dag. Forsvarsmenn Google hafa ekki tilkynnt neitt um þetta nýja stýrikerfi. Heimildir Business Insider benda til þess að það sé enn í frumþróun, því er enn algjörlega óljóst undir hvað stýrikerfið verði notað.

Bloggarar á Android Police telja að mögulega verði það notað fyrir internet hlutanna, meðal annars snjallheimilistæki eins og ísskápa og brauðristir. Á blogginu eru færð rök fyrir því að Linux-stýrikerfið og Android-stýrikerfið séu ekki góð fyrir óhefðbundnar tölvur. Því sé eðlilegt að Google vilji þróa nýtt stýrikerfi fyrir internet hlutanna, eins og fyrirtækið gerði fyrir snjallsíma á sínum tíma.

Vert er að nefna að Fuchsia er ekki takmarkað við internet hlutanna. Bloggarar Android Police skoðuðu stýrikerfið vandlega og sáu að hægt verður að nota það í fjölda kerfa, meðal annars í snjallsíma og borðtölvur.

Það getur því verið að Fuchsia leysi Android- og Chrome-stýrikerfin af hólmi, til þess að sama stýrikerfi verði notað bæði í hefðbundnum tölvum og snjallsímum.

Aðrar getgátur eru um að Fuchsia sé einfaldlega skemmtilegt verkefni Google-starfsmanna og muni aldrei líta dagsins ljós hjá almenningi. Einungis tíminn mun leiða í ljós hver ætlun Google er með nýja stýrikerfinu. – **sg**




**Óvíst er hvaða hlutverki nýja stýrikerfið Fuchsia mun gegna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


NÝIR TÍMAR FRAMUNDAN
Á FRÉTTASTOFU STÖÐVAR 2
FYLGSTU MEÐ 22. ÁGÚST

**Heilsa**

**Edda Hermannsdóttir** samskiptastjóri Íslandsbanka



# Hlaupið til góðs

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram á laugardaginn. Hlaupið er haldið í 33. sinn og óhætt er að segja að hlaupið sé fastur liður hjá mörgum landsmönnum. Um leið og þarna koma saman þátttakendur sem hafa æft stíft undanfarnar vikur og mánuði þá er þetta ekki síður dagur allrar fjölskyldunnar þar sem allir hafa tök á því að taka þátt, ungir sem aldnir. Styttri veglengdir henta styttri fótleggjum og síðan má alltaf ganga lengri vegalengdir og njóta þess að vera með.

Fyrir 33 árum tóku 214 hlauparar þátt en í fyrra voru þátttakendur yfir 15.000. Skráningin í ár gengur vel og eru þegar tæplega 11.000 skráðir til leiks sem er fjölgun miðað við sama tíma í fyrra. Hún skýrist að mestu leyti af fjölgun erlendra þátttakenda. Það er mjög ánægjulegt að fleiri komi til Íslands og taki þátt og upplifi hlaup eins og Reykjavíkurmaraþonið.

Þó hlaupið sjálft sé heilsueflandi og skemmtilegt þá er einna mikilvægast að þúsundir hlaupara safna áheitum til góðra málefna. Söfnun Reykjavíkurmaraþonsins hefur vaxið gríðarlega hratt á undanförnum árum og í fyrra söfnuðust yfir 80 milljónir króna fyrir 167 félög. Þetta skiptir félögin gríðarlega miklu máli og mörg þeirra láta sitt ekki eftir liggja og hvetja hlaupara áfram.

Í ár var markið sett hátt en markmiðið er að safna 100 milljónum til góðra mála. Það er frábært að sjá þátttakendur biðja um stuðning við sitt félag og þar munar sannarlega um hverja krónu. Það eru þátttakendur sjálfir sem gera þetta hlaup að því sem það er og styðja við mikilvæg málefni með því að koma saman í sameiginlegu átaki.

Við hvetjum því alla til að taka þátt á laugardaginn, þá sem vilja ganga og hafa gaman, þá sem vilja elta Pókemon-karla og svo auðvitað þá sem hafa lagt blóð, svita og tár í hlaupaæfingar. Það er einstök tilfinning að hlaupa um götur Reykjavíkur þar sem íbúar hvetja hlaupara áfram með tónlist, trommum og klappi. Það eru allir hetjur í Reykjavíkurmaraþoninu: hlauparar, aðstandendur, þeir sem heita á hlauparana og síðast en ekki síst: þeir sem njóta góðs af áheitasöfnuninni.

**Í ár var markið sett hátt en markmiðið er að safna 100 milljónum til góðra mála.**

Edda Hermannsdóttir

## Hækkanir í vændum



Áætlað er að lestarfargjöld í Bretlandi hækki um 1,9 prósent í janúar næstkomandi. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, ítrekaði loforð sitt um að þjóðnýta aftur lestarkerfið næði Verkamannaflokkurinn völdum. Ferðamenn á London Bridge-lestarstöðinni létu sér þó fátt um finnast í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Endurkoma Brasilíu snýst um peningamálastefnuna í Kína



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Ólympíuleikarnir eru löngu byrjaðir og af brasilísku verðbréfamörkuðunum að dæma er góð ástæða til að fagna. Þannig hefur brasilíska Bovespa-vísitalan hækkað um meira en 65% á þessu ári og er á meðal þeirra verðbréfamarkaða sem standa sig best í heiminum.

Þetta kemur í kjölfar nokkurra frekar dapurlegra ára fyrir bæði brasilískan efnahag og brasilísku fjármálamarkaðina. Þannig hefur hagvöxtur í Brasilíu algerlega stöðvast á síðustu árum, gjaldmiðillinn hefur veikst verulega, sem aftur hefur þrýst verðbólgu upp. Til að auka á ógæfuna hefur stjórnmálaástandið orðið æ ruglingslegra og í maí síðastliðnum var Dilma Rousseff forseti í raun rekin af neðri deild brasilíska þingsins og undirbúningur lögsóknar var hafinn.

### Fjárfestar geta þakkað Alþýðubankanum í Kína

Að gefnum þessum bakgrunni gæti batinn á brasilísku mörkuðunum á þessu ári virst nokkur ráðgáta. En hvað þetta varðar er mjög mikilvægt að hafa í huga að peningamálastefna Kínverja er að mörgu leyti mun mikilvægari fyrir brasilísku markaðina en brasilísk stjórnmál. Ef við lítum á þróunina á brasilísku verðbréfamörkuðunum síðustu ár þá hafa verið mjög náin tengsl við breytingar á peningamálastefnunni í Kína. Til að sýna þetta er hægt að líta á gengisþróun hins kínverska renminbi og brasilísku Bovespa-verðbréfavísitöluna.

Ef við byrjum á árinu 2009, þá slakaði kínverski Alþýðubankinn (PBoC) verulega á peningamálastefnunni til að bregðast við því þegar alþjóðlega kreppan skall á og afleiðing þess var að renminbi veiktist. Á sama tíma varð uppgangur á brasilísku verðbréfamörkuðunum. En þessi uppgangur varð skammlífur því snemma árs 2010 byrjaði PBoC að herða peningamarkaðsskilyrði í Kína og renminbi byrjaði að styrkjast. Þetta gerðist aftur á sama tíma og meiriháttar viðsnúningur – að þessu sinni til hins verra – átti sér stað á brasilísku verðbréfamörkuðunum. Samdrátturinn á brasilísku verðbréfamörkuðunum jókst enn 2011 um leið og renminbi styrktist enn frekar og þetta hélt áfram til ársloka 2015.

**Niðurstaðan er sú að hafi maður áhuga á horfunum í brasilísku efnahagslífi ætti maður að fylgjast með aðgerðum kínverska seðlabankans.**

Lars Christensen

En síðan í janúar höfum við séð stórfelldan bata á brasilísku verðbréfamörkuðunum. Ástæðan? Enn virðist drifkrafturinn vera peningamálastefna Kínverja því PBoC hefur unnið að því að fella gengi renminbi til að örva hagvöxt í Kína.

### PBoC er peningalegt heimsveldi

Það má segja að PBoC sé peningalegt heimsveldi sem á margan hátt ákveður hvort það er mótbyr eða meðbyr í brasilíska hagkerfinu. Í grundvallaratriðum virkar þetta með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er Kína stærsti útflutningsmarkaður Brasilíu. Svo slakari peningamálastefna Kínverja styrkir brasilískan útflutning til Kína. Í öðru lagi hækkar slakari peningamálastefna Kínverja heimsmarkaðsverð á hrávörum og þar sem Brasilía er hrávöruútflytjandi fæst betra verð fyrir brasilískar útflutningsvörur til annarra landa. Loks hefur þetta þau áhrif að hækka gengi brasilíska gjaldmiðilsins, real, og það lækkar verð á innflutningsvörum til Brasilíu og dregur þannig úr verðbólgu, sem aftur gerir brasilíska seðlabankanum kleift að slaka á peningamálastefnunni, sem hjálpar brasilískum hagvexti.

Niðurstaðan er sú að hafi maður áhuga á horfunum í brasilísku efnahagslífi ætti maður að fylgjast með aðgerðum kínverska seðlabankans frekar en að einbeita sér að brasilískum stjórnmálum eða Ólympíuleikunum.

# Hægjum á okkur, byrjum smátt

**Hin hliðin**
**Aðalheiður Snæbjarnardóttir**



Við sem þjóðfélag viljum yfirleitt fá allt hratt, með litlili fyrirhöfn og eins ódýrt og hægt er. Á sama tíma er sífellt verið að vekja athygli á virðiskeðju framleiðenda og hvernig hlutirnir verða til. Hver ber raunverulega kostnaðinn af ódýra dótinu? Það er verkafólkið, bæði börn og fullorðnir, sem starfar við óviðunandi aðstæður í verksmiðjum þar sem ekki er fylgst með öryggismálum eða aðbúnaði starfsfólks og launum haldið í lágmarki. Hönnuðir sem tapa hugverki sínu þegar framleiðendur í löndum sem virða ekki höfundarrétt herma eftir vinsælum vörum. Náttúran þegar verið er að framleiða sem mest á skömmum tíma með litlum tilkostnaði.

Það er auðvelt að predika um þessa hluti en það hafa ekki allir efni á því að kaupa eingöngu samfélagslega ábyrgar vörur inn á heimili sitt. Þær eru yfirleitt dýrari en staðkvæmdarvörur frá óábyrgum framleiðendum, það getur verið flóknara að nálgast þær, það getur verið tímafrekt að afla sér upplýsinga um framleiðendur og svo má lengi telja.

Hættum að vera með allt eða ekkert viðhorf gagnvart vandanum og gerum bara okkar besta. Byrjum á litlum breytingum hjá okkur sjálfum, kaupum það sem við vitum hvernig var framleitt þegar við getum, reynum að nota það sem við eigum lengur og söfnum fyrir því sem á að endast lengi.

Verum meðvituð þegar við erum úti í búð, horfum ekki bara á verðmiðann heldur einnig á innihaldið og framleiðslulandið. Fræðum okkur og lærum að þekkja grænþvott þegar við sjáum hann. Leitum að framleiðendum sem gefa út skýrslur árlega sem styðjast við GRI, Global Compact eða ISO 26000, það eru allt viðurkennd viðmið til að greina frá samfélagsábyrgð fyrirtækja. Kaupum af litlu framleiðendunum sem gera allt sjálfir og geta sýnt fram á það. Þegar vottunarstimplar framleiðenda virðast heimatilbúnir af þeim sjálfum, athugum þá hvort þeir séu það. Það þarf ekki að vera sérfræðingur til þess, stutt leit á internetinu kastar ljósi á hvort það sé innihald á bak við stimpilinn.

Við breytum ekki heiminum á einum degi en verum meðvitaðir neytendur, byrjum á litlu hlutunum og látum ekki mata okkur.

# PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*
*Gildir um allar pizzur*




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 17. ágúst 2016

**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.727,81 +8,51
(0,5%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Ekki nógu margir látnir

**Stjórnarmaðurinn** hefur borið gæfu til að fá að kynnast fyrirtækjum af margvíslegum toga, stærðum og gerðum á sínum ferli. Sum hafa meira að segja aldrei orðið eiginleg fyrirtæki heldur einungis hugmyndir á teikniborði.

**Reynslan** hefur þó kennt stjórnarmanninum að honum finnst meira hvetjandi að fást við hluti sem telja má jákvæða og skemmtilega. Þannig ertu líklegri til að beita þér af krafti í þágu fyrirtækis sem framleiðir vöru sem þér hugnast fremur en annars sem starfar á markaði sem fellur utan þíns áhugasviðs.

**Stjórnarmanninum** varð hugsað til þessa þegar hann las frétt í erlendu viðskiptablaði um fall hlutabréfa í ástralska félaginu Invocare sem er stærsti rekandi útfararstofa í Ástralíu og Nýja-Sjálands auk þess að reka starfsemi í fleiri löndum.

**Aðspurður hvað** ylli slælegu gengi sagði forstjórinn að því miður hefðu færri dauðsföll orðið á lykilmörkuðum undanfarna mánuði en áætlanir félagsins hefðu gert ráð fyrir. Hann bað þó fjárfesta að örvænta ekki því spáð væri 2,8% árlegri fjölgun dauðsfalla allt til ársins 2038. Einkum vegna þess að meðalaldur hækkaði og innflytjendur héldu áfram að streyma inn. Langtímahorfur félagsins væru því góðar (svo lengi sem framfarir læknavísindanna yrðu ekki of hraðar).

**Nú vinna** útfararstjórar einstaklega þarft verk og flestir af mikilli fagmennsku. Hins vegar hlýtur að vera örlítið niðurdrepandi að eiga starfsöryggi sitt undir manninum með ljáinn.

## 10%

**SÖLUAUKNING**

Sala jókst um tíu prósent milli ára í júlí hjá sænska tískurisanum H&M. Þetta kemur í kjölfar átta prósenta aukningar í júní, og sextán prósenta aukningar í júlí á síðasta ári.

Í lok júlí voru verslanir H&M 4.105, samanborið við 3.694 á síðasta ári og fjölgaði verslunum því um 12,5 prósent. Áform eru um fleiri verslanir.

## 8,6%

**MEIRI VELTA**

Í júlí jókst velta í dagvöruverslun með mat og drykkjarvöru um 8,6 prósent frá sama mánuði í fyrra, samkvæmt tölum frá Rannsóknasetri verslunarinnar, sem er mikið í þessari tegund verslunar þar sem sveiflur eru alla jafna litlar.

Erlendir ferðamenn versla mest í matvöruverslunum.

**15.8.2016**



**Ég hef skrifað um kosti þess og galla að banna verðtryggingu á nýjum lánum. Það hefði verið það sem ég hefði kosið. En þetta er málamiðlun tveggja flokka þar sem annar flokkurinn er ekki sammála mér.**

Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins


4th NORDIC CONFERENCE IN

WORK & REHABILITATION

REYKJAVÍK, ICELAND, SEPTEMBER 5–7 2016

VINNUM SAMAN

AUKIN ATVINNUTENGING Í STARFSENDURHÆFINGU

Norræn ráðstefna um starfsendurhæfingu verður haldin á Hilton Nordica Reykjavík dagana 5. – 7. september næstkomandi.

Á ráðstefnunni verður lögð sérstök áhersla á samtengingu starfsendurhæfingar og vinnustaðarins og hvernig efla megi endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys. Fjallað verður m.a. um mismunandi fyrirkomulag í þessum efnum á Norðurlöndunum.

Aðalfyrirlesarar eru leiðandi í rannsóknum og þróun innan starfsendurhæfingar og endurkomu til vinnu. Þeir koma frá Bandaríkjunum og Bretlandi en aðrir fyrirlesarar eru frá Norðurlöndunum.

Ráðstefnan er m.a. ætluð þeim sem vinna við starfsendurhæfingu, innan trygginga- og heilbrigðisgeirans, ráðgjöfum, atvinnurekendum, stjórnendum, starfsmönnum stéttarfélaga og sérfræðingum.

Ráðstefnan fer fram á ensku – skráning stendur yfir á vefsíðu VIRK.

**Nánari upplýsingar um fyrirlesara og dagskrá ráðstefnunnar má sjá á www.virk.is**

Aðalfyrirlesarar



**Dr. William Shaw**
„Improving employer policies and practices to prevent disability“



**Dr. Reuben Escorpizo**
„Current and future efforts on using the ICF in work disability“



**Dr. Tom Burns**
„Modifying IPS – does it still work?“

Ráðstefnan er skipulögð af VIRK Starfsendurhæfingarsjóði í samvinnu við Linköping University, Svíþjóð, AIR - National Centre for Occupational Rehabilitation, Rauland Noregi, Marselisborg Centret, Danmörku og Finnish Institute of Occupational Health, Finnlandi.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



HREINT
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

# TAX FREE DAGAR




## ALLAR SKÓLAVÖRUR

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

DAGANA 16.-18. ÁGÚST

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



## Merkisatburðir

**682** - Leó 2. varð páfi.
**1424** - Hundrað ára stríðið: Englendingar unnu sigur á stærri her Frakka í orrustunni við Verneuil.
**1560** - Mótmælendatrú var formlega tekin upp í Skotlandi.
**1924** - Antonio Locatelli, ítalskur flugmaður, kom til Reykjavíkur á flugbáti. Hann fór til Grænlands þann 21. ágúst ásamt Erik Nelson, sem fyrstur kom fljúgandi til Íslands.
**1945** - Indónesía lýsti yfir sjálfstæði.
**1946** - Valgerður Þorsteinsdóttir varð fyrsta íslenska konan til að ljúka einkaflugmannsprófi.
**1960** - Gabon fékk sjálfstæði frá Frakklandi.
**1980** - Heklugos hófst og stóð stutt, aðeins í nokkra daga. Aftur hófst stutt gos þann 9. apríl 1981 og er það talið framhald þessa goss.
**1988** - Forseti Pakistans Muhammad Zia-ul-Haq og sendiherra Bandaríkjanna Arnold Raphel létust í flugslysi.

17. ÁGÚST 1941

## Skipi Eimskips var sökkt

Þýskur kafbátur sökkti leiguskipi Eimskipafélags Íslands, Sessu, um 300 kílómetrum suðvestur af Íslandi þennan dag árið 1941.

Með Sessu létust 24 skipverjar en þrír komust lífs af. Meðal skipverja voru tveir Íslendingar, Þorvaldur Aðils og Steinþór Wendel Jónsson. Skipverjar voru flestir Norðmenn, Danir og Svíar, en einnig voru nokkrir Portúgalar og Bretar staddir á skipinu, auk eins Bandaríkjamanns. Þrír skipverjar hföðust við á fleka í nítján daga áður en þeim var bjargað og voru þeir orðnir mjög aðþrengdir.

Sessa var á leið til landsins með vörur fyrir Íslendinga en skipið var danskt skip í eigu Eimskipafélagsins, sem Bandaríkjastjórn hafði lagt löghald á, og sigldi undir fána Panama. Fregnin af afdrifum þess vakti mikla athygli í Bandaríkjunum.

# Borgarskákmótið fagnar 30 ára afmæli sínu

**Borgarskákmótið á í ár 30 ára afmæli en það var fyrst haldið í ágúst 1986. Mótið er ávallt haldið í kringum afmæli Reykjavíkurborgar enda fyrst haldið í tilefni afmælisins. Margir af helstu skákmönnum þjóðarinnar eru meðal sigursælustu keppenda mótsins.**

Þetta er hraðskákmót með firmakeppnissniði – þannig að menn tefla hver um sig fyrir ákveðið fyrirtæki. Það eru sjö umferðir með sjö mínútna umhugsunartíma. Þetta er eitt af fjölmennari hraðskákmótum ársins og markar upphafið á tímabilinu – þetta er fyrsti stóri viðburðurinn,“ segir Vigfús Óðinn Vigfússon úr Skákfélaginu Hugin, sem hefur höfuðstöðvar í Breiðholtinu og heldur mótið með Taflfélagi Reykjavíkur. Mótið verður eins og áður segir 30 ára í ár en það var fyrst haldið árið 1986. Það fer venju samkvæmt fram í Ráðhúsi Reykjavíkur en fyrst um sinn var mótið þó útiskákmót á Lækjartorgi – en var fært í hús eftir slæma úrkomu á mótsdegi eitt árið.

Það má gera ráð fyrir því að margir af okkar sterkustu skákmönnum taki þátt í mótinu, það er eitt best sótta skákmót hvers árs. Jón Viktor Gunnarsson vann mótið í fyrra en hann tefldi fyrir Malbikunarmiðstöðin Höfða. Það var hans þriðji sigur á mótinu en Arnar Gunnarsson er þó sigursælasti keppandi mótsins með fjóra sigra. Flestir sem hafa unnið mótið eru í dag stórmeistarar eða alþjóðlegir meistarar, þannig að þarna eigast engir aukvisar við. Þarna má sjá sigursæl nöfn eins og Hannes Hlífar Stefánsson, Helga Ólafsson og Þröst Þórhallsson en þeir hafa allir unnið mótið þrisvar ásamt Jóni Viktori Gunnarssyni. Á mótinu má þó finna keppendur á öllum styrkleikastigum.

„Þetta eru á bilinu 50 til 110 keppendur. Það er yfirleitt fjölmennara hjá okkur þegar efnahagsástandið er lakara – þetta byrjar klukkan fjögur og menn koma hlaupandi úr vinnunni, fá kannski að fara aðeins fyrr. Það getur verið að það mæti þarna stórmeistarar og sumir hafa augun á því. Það er raðað samkvæmt styrkleika þannig að þeir, sem er raðað um mitt bilið í styrkleika, gætu fengið stórmeistara í fyrstu umferð. Menn hafa gaman af því að spreyta sig á móti sterkum skákmönnum,“



Eins og sjá má eru þátttakendur á ýmsum aldri.

> **Þetta er eitt af fjölmennari hraðskákmótum ársins og markar upphafið á tímabilinu – þetta er fyrsti stóri viðburðurinn.**
>
> Vigfús Óðinn Vigfússon



Aldur keppenda er ákaflega fjölbreyttur, hver sem er getur skráð sig til móts og er skráningin ókeypis.

„Þarna eru verið að tefla á ýmsum aldri. Þarna tefla krakkar frá sjö ára aldri upp í fólk um nírætt. Flestir sem eru í mótinu hafa þó verið á því áður, fæstir eru algjörir byrjendur. Ég sé þó nokkur nöfn skráð sem ég þekki ekki neitt, það eru alltaf einhverjir sem koma inn nýir,“ segir Vigfús að lokum.

Mótið hefst í dag klukkan fjögur í Ráðhúsi Reykjavíkur með því að S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, setur mótið og leikur fyrsta leikinn. Mótið verður reiknað til hraðskákstiga.

**stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Aage Petersen**
vélfræðingur,
Vesturtúni 28, Álftanesi,

lést á heimili sínu þann 9. ágúst. Útför hans fer fram frá Garðakirkju, föstudaginn 19. ágúst klukkan 13.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið.

**Elín Sigurjónsdóttir**
**Guðný Lára Petersen**
**Selma Björk Petersen** **Ellert Gissurarson**
**Styrmir Petersen** **Margrét Gilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Alvar Óskarsson**

lést 14. ágúst á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 23. ágúst kl. 15.00.

**Kristín Karlsdóttir**
**Rósalind Alvarsdóttir**
**Karl Alvarsson** **Guðrún Hannele Henttinen**
**Rebekka Alvarsdóttir** **Óskar Sigurðsson**
**Edith Alvarsdóttir**
**Óskar Alvarsson**
**Alvar Alvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigrún Björnsdóttir**
Tjarnargötu 47, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 9. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 15.

**Ólöf Björg Björnsdóttir**
**Ingunn G. Björnsdóttir** **Helgi Marinó Magnússon**
**Jón Gunnar Björnsson**
**Ingólfur Björnsson** **Auður Inga Ingvarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona, móðir og tengdamóðir,

**Steinunn Jónsdóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans fimmtudaginn 11. ágúst. Útför Steinunnar fer fram föstudaginn 19. ágúst kl. 13 í Digraneskirkju.

**Katrín K. Guðjónsdóttir** **Jón Haukur Stefánsson**
**Helga Lísa Jónsdóttir** **Egill Kristján Björnsson**
**Kristín Steinunnardóttir** **Einar B. Árnason**
**Ómar al Lahham**
**Sara Steinunnardóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**Jónína Olsen**
Fífumóa 9, Reykjanesbæ,

lést á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 14. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00.

**Agnar Guðmundsson** **Soffía Heiða Hafsteinsdóttir**
**Hanna Lísa Einarsdóttir** **Þorgils Jónsson**
**Álfhildur Ásgeirsdóttir** **Magnús Þór Ómarsson**
**Óli Þór Olsen**
**barnabörn og systkini.**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir, fóstri, tengdafaðir og afi,

**Arthur Morthens**

sem lést í Danmörku 27. júlí verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 18. ágúst kl. 15.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaheill.

**Steinunn Stefánsdóttir**
**Ólafur Arnar Arthursson** **Halldóra Sigtryggsdóttir**
**Helga Tryggvadóttir** **Jón Þór Pétursson**
**Anna Tryggvadóttir**
**Halla Tryggvadóttir** **Frederik Anthonisen**
**Petra Ósk, Haraldur Ingi, Arna Sigríður, Arnlaugur, Hallgrímur, Rán, Saga og Jóhann.**



90
ára afmæli Frón
Nýtt kex frá Frón
Frón Klassík
Gott hvar sem er
Frón býður þér upp á nýtt ljúffengt kex í tilefni 90 ára afmælis fyrirtækisins. Frón Klassík er bakað úr heilhveiti og með gómsætum dökkum hjúp. Nýja Frón Klassík sameinar hefðir í bakstri og nýjungar dagsins í dag. Frón Klassík mun koma við sögu á hverjum degi. Prófaðu nýja gómsæta kexið frá Frón, Klassík.
Frón
KLASSÍK
Hjúpað heilhveitikex - Fáðu þér bita
Kemur við sögu á hverjum degi í 90 ár
Hjúpað heilhveitikex - Fáðu þér bita
Mjólkurkex
Ungir sem aldnir hafa brotið Mjólkurkexið til helminga og drukkið ískalda mjólk með.
Póló
Póló er ómissandi virka daga. Um helgar er alltaf gott að eiga Póló í eldhússkápnum.
Matarkex
Margir Íslendingar njóta þess á hverjum degi að dýfa Matarkexi í mjólkina sína.
Kremkex
Sæmundur í sparifötunum hefur lengi verið eitt allra vinsælasta kremkex landsins.
Kemur við sögu á hverjum degi í 90 ár
Frón

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Hæg suðaustlæg átt og skúrir eða dálítil rigning sunnan- og vestanlands en léttir smám saman til um landið norðanvert. Áfram hlýtt í veðri, einkum fyrir norðan.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 11° | 15° |
| ↑ 6 | ↗ 9 | ↗ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 13° | 9° |
| ↗ 3 | ↖ 4 | ↑ 9 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 12° | 12° |
| ← 2 | ↑ 2 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 13° | 9° |
| ↖ 1 | ← 4 | ← 1 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. örlög
6. frá
8. knæpa
9. sódi
11. íþróttafélag
12. tárfelldu
14. hroki
16. hólmi
17. hár
18. orlof
20. í röð
21. sjávardýr

**LÓÐRÉTT**
1. gól
3. tónlistarmaður
4. limlesta
5. krass
7. anddyri
10. sérstaklega
13. efni
15. litur
16. bókstafur
19. klaki



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sköp, 6. af, 8. krá, 9. gos, 11. kr, 12. grétu, 14. dramb, 16. ey, 17. ull, 18. frí, 20. aá, 21. fisk.
**LÓÐRÉTT:** 1. gagg, 3. kk, 4. örkumla, 5. pár, 7. fordyri, 10. sér, 13. tau, 15. blár, 16. eff, 19. ís.

### Skák Gunnar Björnsson

Cramer átti leik gegn Zilverberg í Hollandi árið 1992

**Hvítur á leik**



**1. Dxg7+! Kxg7 2. Rf5+ Kg8 3. Rh6#.** Minningarmót um Birnu Norðdahl fer fram í Reykhólahreppi á laugardaginn. Margir af sterkustu skákmönnum þjóðarinnar af báðum kynjum taka þátt. **www.skak.is:** Borgarskákmótið í dag – enn hægt að skrá sig!

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Vatnsstígur 16-18**
**2ja herbergja glæsileg íbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsileg 112,5 fm. íbúð með vestursvölum á 1. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi. Sér bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stórir gólfsíðir gluggar til vesturs í stofu og svefnherbergi. Svalir eru með tréfjölum og svalalokun. **Verð 56,2 millj. Íbúð merkt 0104. Verið velkomin.**



# OKKAR HAGKVÆMASTA FULL HD MEÐ SSD!

Ótrúlega vel búin 15,6" fartölva miðað við verð. Ræsir sig á nokkrum sekúndum með ofurhröðum SSD diski auk þess sem hún kemur með Full HD háskerpuskjá sem stækkar vinnupláss í forritum og gerir texta skýrari. Intel örgjörvi og 6GB vinnsluminni.

ACE-NXGCEED018

**69.995**

INTEL ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR

## ACER HJÁ TÖLVULISTANUM Í 12 ÁR!

Tölvulistinn hefur verið umboðsaðili Acer á Íslandi í 12 ár eða frá árinu 2004. Þær hafa reynst viðskiptavinum okkar einstaklega vel og státa af mjög lágri bilanatíðni. Acer skólalínan í ár er sérstaklega sterk þar sem margar fartölvur frá Acer koma nú með hraðvirkum SSD diskum og FullHD skjám.



**49.995**

acer

## LÁGT VERÐ OG GÓÐ KAUP!

ACE-NXGCEED053

Brjálað skólaverð vegna magnkaupa. 15,6" fartölva fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel örgjörvi, Intel HD grafíkkjarni og 500GB harður diskur.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



**89.995**

acer

## 256GB SSD OG HÁSKERPUSKJÁR!

ACE-NXMVHED178

Ofurskýr FullHD skjár sem skapar meira vinnupláss, hraður 256GB SSD, 6GB vinnsluminni og Intel Pentium örgjörvi.

INTEL ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 256GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



INTEL i3 OG 500GB

**74.995**

acer

ACE-NXGCEED060

Hágæða 15,6" Aspire fartölva með sprækum Intel i3 örgjörva, Intel HD 5500 grafíkkjarna og 500GB hörðum diski.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 500GB DISKUR | 15,6" SKJÁR



LÉTT Í SKÓLANN

**59.995**

acer

ACE-NTG8QED001

10,1" ofurlétt fartölva sem hægt er að breyta í spjaldtölvu með einum smelli. Quad Core Intel Atom örgjörvi og 64GB SSD fyrir hraðari vinnslu. Kristaltær IPS snertiskjár.

INTEL ÖRGJÖRVI | 2GB VINNSLUMINNI | 64GB DISKUR | 10,1" SKJÁR



13,3" INTEL i3 OG SSD

**99.995**

acer

ACE-NXMPGED058

Kröftugur Intel i3 örgjörvi og 128GB hraður SSD diskur. Létt og nett með langri rafhlöðuendingu.

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR

## FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST!



tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# FRÉTTABLAÐIÐ MENNING



Innsta kjarni kallar Jón þessi verk, þau eru bara sex til sjö sentimetra há.

## Legg sálina í verkið

### Þrjú feðgin opna sýninguna Pensill, nál og hnífur á Sólheimum í Grímsnesi á föstudaginn, 19. ágúst.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það er í Ingunnarstofu á Sólheimum sem Jón Geir Ágústsson og dætur hans, Þórdís og María, opna sýninguna Pensill, nál og hnífur á föstudaginn klukkan 15. Jón er þar með útskurð, Þórdís rósapúða sem hún saumar af fingrum fram og María með málverk, „smáævintýri á striga“, eins og hún orðar það sjálf.

Jón og Þórdís búa á Akureyri en María á Ítalíu. Hún er samt stödd heima eins og er. Jón svarar símanum. „Ég er norðan heiða enn þá, en fer nú að snúa nefinu í suður. Við þurfum að fara að setja upp sýninguna,“ segir hann glettinn. Hann kveðst hafa einbeitt sér að smágerðum verkum síðustu ár, sumir útlendingar kalli þau íkon, hann kalli þau Innsta kjarna. „Ég klýf sex til sjö sentimetra langa trjágrein við innsta kjarna og annan helminginn svo aftur. Þannig bý ég til þrennu sem ég sker út í og tengi saman. Legg sálina í verkið ef ég má vera svo hátíðlegur. Þessa muni er gott fyrir fólk að hafa fyrir framan sig eða í lófanum ef það þarf að vera í einrúmi og láta hugann reika inn að innsta kjarna,“ útskýrir hann.



Þórdís, Jón og María sýna saman á Sólheimum.

Jón er fæddur 1935.



Þórdís sækir innblástur í gamlar handverkshefðir.



Hér hefur maríuerla tyllt sér í eina myndina hjá Maríu.

Hann var í stórum verkefnum lengst af ævinni sem tengdust húsbyggingum. „Ég var eiginlega alinn upp á trésmíðaverkstæði föður míns og hef alltaf þurft að hafa eitthvað milli handanna, blýant og pappír eða spýtu og hníf og eignaðist góð útskurðarjárn um 15 ára aldurinn.“

Meðal sýningargripa á Sólheimum verður Valþjófsstaðahurðin, gerð af Jóni, helmingi minni en sú upprunalega. Einnig krossar úr sama efni og Auðunarstofa og dómkirkjan á Hólum.

> ÞESSA MUNI ER GOTT FYRIR FÓLK AÐ HAFA FYRIR FRAMAN SIG EÐA Í LÓFANUM EF ÞAÐ ÞARF AÐ VERA Í EINRÚMI.

„Ég hef fiktað við að vinna úr margs konar efni, til dæmis hvaltönnum, sem maður þorir varla að nefna, hvað þá sýna. Það eru svo margir búnir að gleyma því að hvalreki varð oft til bjargar Íslendingum áður fyrr.“

**Helluhóll 3, Hellissandi**



Húsið er alls 157 fm og á tveimur hæðum skv. FMR. Hæðin er 93,5fm skiptist í forstofu, wc, hol, þvottahús, rúmgóða stofu, herbergi og eldhús.Góður stigi er upp á efri hæðina sem er 63,5fm og skiptist í sjónvarpshol, 4 herbergi og bað sem er nýtekið í gegn. Á forstofu eru flísar og á eldhúsi og baðherbergi eru korkflísar. Í öðrum rýmum er parket. Sólpallur er við suðurhlið hússins. Hús á góðum stað á Hellissandi. ATH: Skipti á eign á höfuðborgarsvæðinu kemur til greina. **Ásett verð: 24 millj.** Uppl. veitir Erlendur Davíðsson s: 588 4477 og erlendur@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27, S: 588-4477

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Félag Fasteignasala



Erlendur Davíðsson
lögg. fast.sali
s: 588 4477

## Yin og yang á djasstónleikum

**TÓNLIST**

**Píanótónleikar**
★★★★☆

**Sunna Gunnlaugs og Julia Hülsmann léku eigin tónsmíðar á tvo flygla.**

**Silfurberg í Hörpu föstudaginn 12. ágúst**

Í svipinn man ég ekki eftir að hafa sótt djasstónleika þar sem spilað hefur verið á tvö píanó í einu. Því var spennandi að fara á tónleika með píanóleikurunum Sunnu Gunnlaugs og Juliu Hülsmann á Djasshátíð Reykjavíkur. Furðulegt nokk þá voru þeir haldnir í Silfurbergi í Hörpu. Maður spurði sig af hverju. Silfurberg er ekki góður salur fyrir órafmagnaða tónleika. Tónninn í flyglunum var líka grár og flatur, endurómunin var svo lítil. Það var synd því samspil píanóleikaranna var eins og best verður á kosið. Tónlistin var auk þess ákaflega skemmtileg.

Píanóið er ásláttarhljóðfæri, hljómurinn í því er eðlilega hvass. Þegar tveir píanóleikarar spila þarf ekki mikla ónákvæmni til að þeir virki áberandi ósamtaka. En þær Julia og Sunna voru einstaklega samheldnar. Leikstíllinn var mjög svipaður, mjúkur og fínlegur. Skemmtilegt var þó hve þær botnuðu hvor aðra, ef svo má segja. Það sem upp á vantaði öðrum megin var bætt upp hinum megin. Ef önnur spilaði hljóma, lék hin sér að laglínum og tónahlaupum. Heildin var því sérlega sannfærandi. Manni datt í hug hið kínverska yin og yang, sem táknar svart og hvítt, jákvætt og neikvætt, ljós og myrkur. Meira að segja uppstilling flyglanna minnti á yin og yang.



Sunna Gunnlaugs. „... það var heillandi flæði í tónlist hennar, létt nostalgía sem var einkar aðlaðandi,“ segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónlistarlega séð var dagskráin unaður áheyrnar. Með örfáum undantekningum var ýmist flutt músík eftir Juliu eða Sunnu. Þær eru ólík tónskáld. Sunna var ljóðrænni og rómantískri, það var heillandi flæði í tónlist hennar, létt nostalgía sem var einkar aðlaðandi. Laglínurnar voru grípandi. Sumt bar jafnvel keim af Keith Jarret.

Verk Juliu voru móderNÍskari, grunnhugmyndin var stundum bara eitt tónbil sem fór í gegnum alls konar umbreytingar. Hljómarnir voru ómstríðari. Svo virtist sem Julia hefði sérstakt dálæti á tvíundum (þ.e. tónum sem liggja hlið við hlið á hljómborðinu). Maður heyrði tilvísanir í verk Debussys. Athyglisverður ferskleiki sveif ávallt yfir vötnunum.

Í það heila var dagskráin full af innblæstri og skáldskap, fjöri og innileika, tilraunum og rómantík. Ef hljómburðurinn hefði verið almennilegur hefði upplifunin verið dásemd.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónleikarnir liðu fyrir lélegan hljómburð, en samspilið var flott og tónlistin mögnuð.

ORMSSON

# SPARI DAGAR

*fyrir heimilin í landinu*

**AEG**

LM63472FL
**ÞVOTTAVÉL** 7 KG. 1400 SN.
Rétt verð: 119.900,-
**Sparidagaverð: 89.900,-**

T61271AC
**ÞURRKARI** 7 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 119.900,-
**Sparidagaverð: 89.900,-**

25%

**NIVONA**
Alsjálfvirkar kaffivélar til heimilisnota.
Stilltu á hámarksgæði.
22%

**Tefal**
Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 25 ár. Það köllum við góða reynslu.
25%

**BRAUN**
Fullkominn rakstur
22%

**ROMMELSBACHER**
**Samlokugrill**
Vörur frá þessum framleiðanda þykja einstaklega sterkar og endingagóðar.
25%

**OBH NORDICA**
Blandaðu beint í glösin með **SMOOTHIE TWISTER**
25%

**staub**
Fyrir vandláta.
15%

**brabantia**
Þrifalegu ruslaföturnar vinsælu eru til í mörgum stærðum, gerðum og litum.
25%

**BRAUN**
Hársnyrtivörur
22%

SAMSUNG

# SPARI DAGAR

*fyrir heimilin í landinu*

**Kæliskápur 202cm**
**SAMSUNG** RB36J8035SR
Stál. Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597
**Verð: 169.900,- kr**
**Nú: 144.900,-**

**Tvöfaldur Kæliskápur**
**SAMSUNG** RS7567THCSP
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.
**Verð: 219.900,- kr**
**Nú: 186.900,-**

## ecobubble þvottavélar

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

AddWash
ecobubble

SAMSUNG WW70
**ÞVOTTAVÉL** 7 KG. 1400 SN.
KR. 94.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-**

ecobubble

SAMSUNG WW80
**ÞVOTTAVÉL** 8 KG. 1600 SN.
KR. 119.900,-
**SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-**

SAMSUNG DV80
**ÞURRKARI** 8 kg
KR. 159.900,-
**SPARIDAGAVERÐ:135.900,-**

49”

Samsung SMART TV
The Future of Smart TV. Now

**SAMSUNG**
LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót
**49” K5505 kr. 139.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 118.900,-**

55”

ULTRA HD

**SAMSUNG**
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55” KU6475 kr. 229.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 195.900,-**

55”

ULTRA HD
Curved

**SAMSUNG**
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
**55” KU6655 kr. 249.900.-**
**SPARIDAGAVERÐ: 209.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HELL OR HIGH WATER | 5:50, 8, 10:10 |
| NERVE | 10:10 |
| SAUSAGE PARTY | 8, 10:10 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 4, 6 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 3D ÍSL.TAL | 4 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ENS.TAL | 4, 6 |
| BAD MOMS | 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 6 - 8 - 10 - 10:40 |
| LIGHTS OUT VIP | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D VIP | KL. 2:40 - 5:20 - 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 3D | KL. 2 - 4 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:10 - 5:50 |
| JASON BOURNE | KL. 8 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 8 |
| THE BFG | KL. 3 - 5:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 8 |
| HELL OR HIGH WATER | KL. 10:10 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 6 - 8 - 10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 8 - 10:10 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| JASON BOURNE | KL. 8 - 10:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 - 11:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 4:20 - 5:40 - 6:40 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 5:20 - 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 9 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| LIGHTS OUT | KL. 10:10 - 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 - 8 |
| SUICIDE SQUAD 3D | KL. 5:20 - 8 |




SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 17. ÁGÚST 2016

### Fræðsluganga

**Hvað?** Margt býr í moltunni
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Aðalinngangur Grasagarðs Reykjavíkur
Jóna Valdís Sveinsdóttir yfirgarðyrkjufræðingur og Svavar Skúli Jónsson garðyrkjufræðingur hjá Grasagarðinum leiða fræðslugöngu í Grasagarði Reykjavíkur. Yfirskrift göngunnar er Margt býr í moltunni – Moltugerð og ánamaðkar. Í göngunni verða gestir meðal annars leiddir í allan sannleika um hvað molta er, hvað er hægt að nýta til þess að bæta jarðveginn í garðinum, hvernig nýta skal ánamaðka í moltugerð og hvort allir matarafgangar megi fara í safnhauginn. Gangan hefst við aðalinngang Grasagarðsins, þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

### Tónlist

**Hvað?** Sumarklassík í Safnahúsinu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnahúsið, Húsavík
Sumarklassík í Safnahúsinu er tónleikaröð sem tónlistarkonan Lára Sóley Jóhannsdóttir hefur staðið fyrir í sumar í Safnahúsinu á Húsavík í samstarfi við Menningarmiðstöð Þingeyinga. Á þessum síðustu tónleikum sumarsins koma fram harmónikuleikarinn Ásta Soffía Þorgeirsdóttir og gítarleikarinn Brynjar Friðrik Pétursson. Ásta og Brynjar stunda bæði tónlistarnám á háskólastigi og munu á tónleikunum flytja verk eftir tónskáldin Lohse, Tobe, Siemionow, Villa-Lobos, Tárrega, Torroba og Bach. Miðaverð er 2.000 krónur og er tónleikaröðin styrkt af Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og Norðurþingi.

**Hvað?** GAMA á Rosenberg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Listamaðurinn Guillaume Heurtebize er frá Nice í Suður-Frakklandi og kemur fram undir listamannsnafninu GAMA. Guillaume er gítarleikari í grunninn og leggur nú rækt við trúbadorsjálf sitt. Í kvöld fær hann til liðs við sig félaga úr hljómsveitinni Secret Swing Society, þá Andra Ólafsson á kontrabassa og Kristján Martinsson á harmóníku. Guillaume er kunnugur landi og þjóð og hefur spilað hér áður ásamt Secret Swing Society en kemur nú í fyrsta sinn fram sem GAMA. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Djass að hætti Camus Kvartet
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Sæta svínið, Hafnarstræti 1-3
Camus Kvartet leikur ljúfa djasstóna. Allir velkomnir.

**Hvað?** Kex + Kítón # 4: Sísý Ey & Milkywhale
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28
Fjórðu tónleikarnir í tónleikaröðinni KEX+KÍTÓN fara fram í kvöld. Fram koma Sísí Ey og Milkywhale. Sveitin Sísí Ey hefur verið starfandi frá árinu 2012 og er skipuð systrunum Sigríði, Elísabet og Elín Eyþórsdætrum ásamt Friðfinni Sigurðssyni. Milkywhale spratt fram á sjónarsviðið á síðasta ári og er samstarfsverkefni FM Belfast-meðlimsins Árna Rúnars Hlöðverssonar og Melkorku Sigríðar Magnúsdóttur. KÍTÓN stendur fyrir konur í tónlist og tilgangur félagsskaparins er að skapa jákvæða umræðu, samstöðu og samstarfsvettvang meðal kvenna í tónlist. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.


Hljómsveitin Milkywhale kemur fram á KÍTÓN kvöldi á Kexi í kvöld ásamt Sísí Ey. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Dj Yamaho þeytir skífum í viðburðinum Jóga í vatni í Laugardalslaug.

**Hvað?** Fusion Groove
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti 12
Fusion Groove verður í stuði á Prikinu í kvöld.

**Hvað?** IntrObeatz
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1
IntrObeatz verður í stuði á Kaffibarnum í kvöld.

### Námskeið

**Hvað?** Ani Phyo: Fresh Savory Recipes
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni 11
Ani Phyo er íþróttakona, heilsufrumkvöðull og viðskiptaráðgjafi auk þess að hafa skrifað sjö bækur um mataræði. Á námskeiðinu sýnir hún hversu auðvelt og fljótlegt er að gera hráfæði.
Uppskriftirnar eru gerðar með handfylli af innihaldsefnum sem auðvelt er að finna. Einnig deilir hún lífsstílsráðum sínum með þátttakendum í námskeiðinu. Verð fyrir námskeiðið er 9.000 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Jóga í vatni
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Laugardalslaug, Sundlaugavegi
Jóga í vatni við tónlistarflæði frá dj Yamaho. Í lokin fer fram hugleiðsla þar sem gestir sitja í grunnu lauginni og taka inn heilandi tóna gongsins. Engin reynsla af jóga eða hugleiðslu er nauðsynleg og er fólk á öllum aldri velkomið. Allir velkomnir á meðan pláss leyfir en aðgangseyririnn er greiðsla fyrir hefðbundna sundferð.

**Hvað?** Full Moon Jóga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólir, Fiskislóð 53-55
Full Moon viðburður í tilefni af fullu tungli. Fulla tunglið í ágúst er kallað uppskerutungl. Jógakennarinn Jimmy Barkan leiðir heitan jógatíma og slökun á næsta fulla tungli. Skráning er hafin á vefsíðunni Solir.is og verð er 2.200 krónur.

**Hvað?** Pub Quiz in English
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti 7
Barsvar á ensku á Lofti hosteli. 500 króna þáttökugjald. Peningar og veigar í verðlaun.

### Sýningar

**Hvað?** Þögul leiftur
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Þögul leiftur er ljósmyndasýning Vesturfarasetursins. Ljósmyndasýningin var þó fyrst opnuð á Hofsósi árið 2003 og er eftir hinn þekkta sagn- og ættfræðing Nelson Gerrard. Á sýningunni eru nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum, en sýningin veitir innsýn í andlitsljósmyndun vestanhafs á tímum vesturferða á árunum 1870 til 1910. Miða er hægt að nálgast á harpa.is og kosta þeir 1.500 kr.

**Hvað?** Bowie – The Sessions
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Bowie – The Sessions eftir hinn heimsfræga Gavin Evans er nú opin í sýningarsal Hörpu. Sýningin er opin á hverjum degi frá kl. 11.00 til 18.00. Gavin Evans hefur einstakt auga fyrir andlitum. Hann hefur myndað stjörnur á borð við Juliette Binoche, Daniel Craig, Dusty Springfield, Iggy Pop, Björk Guðmundsdóttur og Nick Cave.

FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**NÝTT Í BÓNUS**

**2.598** kr. 907 g
**Risarækjur**
Fulleldaðar, 907 g

**498** kr. kg
**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

MYLLAN ALLTAF NÝBAKAÐ
**30%** Meira magn Sama verð
**1 kg**
**385** kr. 1 kg
**Myllu Heimilisbrauð**
1 kg

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR

**1.298** kr. kg
**KS Lambalæri**
Frosið

**698** kr. kg
**KS Lambasúpukjöt**
Frosið

**259** kr. kg
**KS Lambalifur**
Frosin

**59** kr. stk.
**Faxe Kondi**
330 ml

**100% kjöt**

**2.198** kr. kg
**Bónus 100% Kjúklingabringur**
Ferskar, ekkert viðbætt vatn

**1.898** kr. kg
**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar

**759** kr. kg
**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill

íslenskt grænmeti

NÝ UPPSKERA

**298** kr. 500 g
**Gulrætur**
500 g

**259** kr. kg
**Rófur**

**259** kr. kg
**Hvítkál**

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **21. ágúst** eða meðan birgðir endast




**BESTI VINUR MANNSINS**
Mjög góður þáttur þar sem fræðst er um uppruna og eiginleika hinna ýmsu hundategunda.
**Umsjónarmaður þáttanna er Daníel Örn Hinriksson.**

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**MISTRESSES**
Fjórða syrpan af þessum bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Piper Chapman er búin að aðlagast lífinu í fangelsi og farin að stjórna samföngum sínum eins og henni einni er lagið.



**GETTING ON**
Skemmtilegir gamanþættir með kaldhæðnislegu ívafi sem gerast á sjúkrahúsi sem má muna sinn fífil fegri með starfsfólki sem mætti leggja aðeins meiri metnað í vinnu sína.



**CAPTAIN PHILLIPS**
Æsispennandi mynd um baráttu skipstjórans Richard Phillips við sómalíska sjóræningja. Með aðalhlutverk fara Tom Hanks og Catherine Keener.



**NEYÐARLÍNA**
Vandaður íslenskur þáttur með Sigrúnu Ósk þar sem sögum fólks sem hefur hringt í Neyðarlínuna eru gerð skil.



**NÆTURVAKTIN**
Á bensínstöð standa þrír gárungar vaktina sem seint munu eiga skap saman. Skemmtilegir íslenskir þættir með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** **365.is**


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.10** Anger Management
**11.30** Schitt's Creek
**11.55** Dallas
**12.35** Nágrannar
**13.00** Matargleði Evu
**13.25** Olive Kitteridge
**14.30** Hart of Dixie
**15.15** Mayday: Disasters
**16.05** Hollywood Hillbillies
**16.30** Baby Daddy
**16.55** Ground Floor
**17.15** The New Girl
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Íþróttir
**19.10** Víkingalottó
**19.15** Friends
**19.40** **Mom** Þriðja gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**20.00** **Besti vinur mannsins** Önnur þáttaröð þessara frábæra þátta þar sem við höldum áfram að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og eiginleikum. Fylgjumst með þeim hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til og sjáum einnig hunda sem eru okkur manninum til gagns og gamans. Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.
**20.30** **Mistresses** Fjórða röðin af þessum bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn.
**21.15** No Woman, No Cry
**22.20** **Orange Is the New Black** Fjórða syrpan af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**23.20** Getting On
**23.45** Person of Interest
**00.30** Tyrant
**01.25** Ballers
**01.50** The Killing
**02.50** The Killing
**03.50** Stalker
**04.30** Rita
**05.15** House Party: Tonight's the Night

## SPORT

**07.00** Premier League
**08.40** Premier League
**10.25** 1. deildin
**12.05** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar
**13.50** ÓL 2016 - Körfubolti karla
**15.55** ÓL 2016 - Fótbolti karla
**18.10** Premier League Review
**19.05** Pepsídeild kvenna
**21.15** NBA
**21.40** ÓL 2016 - Körfubolti karla
**23.55** NBA
**21.05** ÓL 2016 - Körfubolti karla

## SPORT 2

**13.55** Messan
**15.35** Premier League
**17.20** ÓL 2016 - Körfubolti karla
**19.30** Premier League
**21.15** Premier League
**23.05** Premier League Review

## STÖÐ 3

**17.40** Raising Hope
**18.05** The Big Bang Theory
**18.25** Modern Family
**18.50** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Næturvaktin
**20.25** Neyðarlínan
**21.00** Legends of Tomorrow
**21.45** Salem
**22.30** The Vampire Diaries
**23.15** Drop Dead Diva
**23.55** Burn Notice
**00.40** Fóstbræður
**01.10** Entourage
**01.40** Næturvaktin
**02.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína Langsokkur
**08.25** Latibær
**08.48** Stóri og litli
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Ævintýri Tinna
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína Langsokkur
**12.25** Latibær
**12.48** Stóri og litli
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.25** Ævintýri Tinna
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Ævintýraferðin
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína Langsokkur
**16.25** Latibær
**16.48** Stóri og litli
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.25** Ævintýri Tinna
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Ævintýraferðin
**19.00** Geimaparnir 2



**10.00**
**14.00**
**18.00**
**Dóra könnuður**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15** ÓL 2016 - Golf karla
**14.20** Golfing World
**15.10** ÓL 2016 - Golf kvenna
**19.10** Golfing World
**20.00** Einvígið á Nesinu
**20.55** John Deere Clas

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Belle
**12.55** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me
**14.30** The Theory of Everything
**16.35** Belle
**18.20** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me
**19.55** The Theory of Everything
**22.00** **Captain Phillips** Stórmynd frá 2013 með Tom Hanks í aðalhlutverki. Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um skipstjórann Richard Phillips og baráttu hans við sómalíska sjóræningja árið 2009. Flutningaskipið MV Maersk Alabama varð fyrir árás sjóræningja undan strönd Sómalíu og eftir mikinn eltingarleik tókst sjóræningjunum að komast um borð og leggja undir sig skipið. Það var í fyrsta sinn sem bandarísku flutningaskipi hafði verið rænt í tvö hundruð ár.
**00.10** Hours
**01.50** The Food Guide to Love
**03.25** Captain Phillips

## RÚV

**12.25** ÓL 2016: Frjálsar íþróttir
**16.00** Íþróttaafrek
**16.20** ÓL 2016: Handbolti
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** KrakkaRÚV
**18.26** Sígildar teiknimyndir
**18.34** Gló magnaða
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Íslendingar
**20.30** Íslenskar stuttmyndir: Skröltormar
**21.00** ÓL 2016: Samantekt
**21.30** Sjónvarpsleikhúsið
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Viðar Bragi - Ironman1341
**23.00** ÓL 2016: Frjálsar íþróttir
**02.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.45** Got to Dance
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** The Odd Couple
**13.55** Crazy Ex-Girlfriend
**14.40** 90210
**15.25** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**15.50** The Bachelor
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Telenovela
**20.15** Survivor
**21.00** Heartbeat
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Blood & Oil
**00.35** BrainDead
**01.20** Zoo
**02.05** Heartbeat
**02.50** Queen of the South
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# GÆÐAMÁLNING

## MÚRBÚÐARVERÐ

Deka Projekt 10, 10 lítrar (stofn A)
**6.990**

Deka Projekt 05, 10 lítrar (stofn A)
**6.195** 3 lítrar kr. 2.390

Deka Projekt 02, 10 lítrar (stofn A)
**5.390**

Deka Project grunnur. 10 lítrar
**6.295**

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**2.195**

Deka Meistaragrunnur
Hvítur. 1 líter
**1.895**

Bakki, 25 cm rúlla, grind
og pensill. - Sett
**1.695**

Bostik málarakýtti
**495**

Malartvatt Paint Wash
**1.195**

Bostik spartl
250ml
**590**

Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
**2.890**

Aqua 25 innimálning á böð
4 lítrar
**4.795**

Litaspray, verð frá **995**

Tia Framlengingar-
skaft 2-4 mtr.
**2.495**

20m² málningar-
yfirbreiðsla
**225**

Scala Panellakk
Glært. 1 líter
**1.795**

Landora 7% Veggmálning 9 lítrar
Litur: Starbright
**5.995**

Málningarpappi 20mx80cm
**795**

V-tech epoxy lím
**410**

V-tech alhliða lím, 7ml.
**210**

25cm Málningar-
rúlla og grind
**840**

Mako pensladós
**345**

Deka Olíulakk 30
**2.195**

Deka Olíugrunnur
1 líter
**1.895**

Yfirbreiðsla Fleece 1x3m
**590**
1x5m kr. 825

Mako 12 lítra fata
**490**

Mako pensill
50mm
**325**

Deka Gólfmálning grá
3 lítrar
**4.995**

Áltrappa 3 þrep
**3.990**

Proflex Nitril
vinnuhanskar
**395**

Málningarlímband
25mmx50m
**245**

Hagmans 2 þátta
Vatnsþ / epoxy 4kg
**11.860**

Mako ofnarúlla
**425**

Mako bakki og
10 cm rúlla
**245**

Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP 1,2 metrar
**495**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Vinsælasti staðurinn eignast afkvæmi



Guðmundur og Unnar Helgi hafa ekki áhyggjur af því að skemmtistaðareksturinn muni hafa áhrif á vináttuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unnar Helgi Daníelsson Beck og Guðmundur Hilmar Tómasson hafa verið bestu vinir frá því í fyrsta bekk og demba sér nú á bólakaf saman í rekstur á skemmtistað.

Þeir félagar taka nú við rekstri skemmtistaðarins Tivoli sem starfræktur er í sama húsnæði og skemmtistaðurinn Dolly var þegar hann var og hét.

Þeir félagar munu taka yfir reksturinn og ráðast í ýmsar breytingar en hafa þó ákveðið að halda nafni staðarins óbreyttu. „Þetta er geggjað nafn, alþjóðlegt og orðið tívolí vekur alltaf spennu og gleði," segir Guðmundur og bætir við að stefnan sé sett á að vekja staðinn til lífsins.

**ÞETTA ER GEGGJAÐ NAFN, ALÞJÓÐLEGT OG ORÐIÐ TÍVOLÍ VEKUR ALLTAF SPENNU OG GLEÐI.**

Líkt og áður sagði hafa Guðmundur og Unnar Helgi verið vinir um áralangt skeið og þetta er ekki í fyrsta sinn sem þeir fara út í rekstur á fyrirtæki saman þar sem þeir byrjuðu með ferðaþjónustufyrirtækið Reykjavík Rocks saman árið 2009. Hvorugur þeirra hefur setið auðum höndum síðan, en Unnar Helgi á pitsustaðinn Ugly auk skemmtistaðarins Dúfnahóla 10 ásamt fleirum og Guðmundur hefur lagt stund á Creative Branding and Art Direction í Barcelona.

Staðurinn verður að einhverju leyti tvískiptur, á efri hæðinni verður skemmtistaður og á hinni neðri eins konar kokteilstofa. Með haustinu stendur til að hafa staðinn opinn sem kaffihús á daginn. Þeir Guðmundur og Unnar eru ófáanlegir til þess að miða staðinn við aðra skemmtistaði sem þegar eru í miðbænum og segja tónlistarstefnuna verða það besta úr öllum áttum. „Þetta verður eins og vinsælasti skemmtistaðurinn í Reykjavík hafi eignast barn." **– gló**




# Peaches syngur í íslenskum gulljakka

Kanadíska tónlistarkonan Peaches er ein af þeim sem koma fram á sviðslistahátíðinni Everybody's Spectacular. „Við erum búin að vinna að því nokkuð lengi að fá hana," segir Ragnheiður Skúladóttir, listrænn stjórnandi LÓKAL, en Everybody's Spectacular er eins konar afkvæmi danslistahátíðarinnar Reykjavík Dance Festival og Sviðslistahátíðarinnar LÓKAL.

Peaches er einna þekktust fyrir slagarann Fuck the Pain Away. Hún mun þó ekki koma til með að flytja flesta af sínum helstu slögurum heldur er viðburðurinn undir yfirskriftinni Peaches Christ Superstar. „Þetta er svakalegur maraþon-performans. Hún tekur aðalhlutverkin níu úr Jesus Christ Superstar og syngur með aðstoð píanóleikara," segir Ragnheiður en alls taka herlegheitin um 90 mínútur í flutningi.



Flestir ættu að kannast við rokkóperuna sem samin var af Andrew Lloyd Webber og var frumsýnd á Broadway árið 1971. Verkið naut mikilla vinsælda og hefur verið sett upp hér á landi oftar en einu sinni.

Á meðan á flutningnum stendur mun Peaches klæðast gulljakka sem er hannaður af íslenska fatahönnuðinum Munda. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún klæðist jakkanum en honum skartaði hún fyrst þegar hún hélt tónleika hér á landi árið 2010 og einnig þegar hún flutti Peaches Christ Superstar í Berlín. Því er óhætt að segja að jakkinn eldist ansi vel.

Ragnheiður hefur sjálf einungis séð upptöku af flutningnum en hún segir hátíðina undir venjulegum kringumstæðum ekki bóka viðburði sem þau hafi ekki barið augum áður en um sérstakt tilfelli sé að ræða. „Þetta verkefni sprettur frá aðdáun hennar á Jesus Christ Superstar. Hún gerir þetta mjög sjaldan."

Hægt er að kynna sér hátíðina og dagskrá hennar betur á vefsíðunni Spectacular.is. **– gló**









Liam Payne gefur út sólóplötu í lok árs eða í byrjun næsta árs.

# Liam smakkaði smakkseðilinn

Söngvarinn **Liam Payne** úr drengjasveitinni One Direction er staddur á landinu og fékk sér 8 rétta smakk á Grillmarkaðnum á mánudagskvöldið. Ekki er vitað hvort Cheryl Cole eða fleiri meðlimir sveitarinnar séu einnig á landinu en það er þó alls ekki útilokað.

Liam Payne úr strákabandinu One Direction er staddur á landinu. Þetta kom fram á Vísi í gær. Heimildir herma að drengurinn hafi ásamt friðu föruneyti lífvarða og umboðsfólks, um 16 manna hópi, snætt á veitingahúsinu Grillmarkaðnum á mánudaginn þar sem allur hópurinn fór í smakkseðilinn. Ekki sáust nokkrir aðrir meðlimir hljómsveitarinnar, né er vitað til þess að þeir séu hér á landinu en sveitin hefur verið í hléi síðan í desember síðastliðinn. Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að Liam sé mögulega staddur hér á landi til að taka upp myndband. Fleiri frægir popparar hafa komið hingað til lands að taka upp myndbönd á síðustu mánuðum og rennir það stoðum undir þessar fullyrðingar. Landið er klárlega á kortinu sem ákjósanlegur staður til að taka upp myndbönd enda auðvitað nóg af fallegri náttúru og auðvelt að fá vinnufrið. Ef Liam er hér einn þá er hann líklega að taka upp myndband við lag af sólóplötu sinni. Söngvarinn hefur gefið út á Twitter-síðu sinni að hann ætli að gefa út sólóplötu seint á þessu ári eða snemma á því næsta.

One Direction er ein farsælasta popphljómsveit í heimi en síðan hún gaf út sína fyrstu plötu árið 2011 hefur sveitin náð að toppa vinsældalista á flestum stærstu mörkuðum heimsins auk þess að hafa átt fjöldamarga smelli á ferli sínum. Sveitin er á pari við poppara eins og Justin Bieber í vinsældum og mikill æsingur í kringum hana – svipað og er hjá söngvaranum kanadíska. Það er líklega mikil spenna í aðdáendum drengjanna hér á landi og áreiðanlega margir til í að líta söngvarann augum – hann hefur þó ekki hátt um för sína um landið líkt og Justin Bieber gerði þegar hann kom til landsins í september í fyrra en þá mætti hann til dæmis eldhress á Subway-stað í Keflavík.



Liam sést hér með Cheryl Cole en þau hafa verið í sambandi síðan í byrjun árs. Hver veit nema hún sé með söngvaranum hér á landi?

Getgátur eru uppi um að sveitin muni ekki koma aftur saman og sé í raun við það að leggja upp laupana. Í janúar var grein þess eðlis birt í US Weekly þar sem vitnað var í ónefndan heimildarmann sem heldur því fram að meðlimir sveitarinnar hafi ekki endurnýjað samninga sína eftir að hafa klárað On the Road Again-túrinn í október í fyrra. Talsmenn sveitarinnar hafa reyndar neitað þessum fullyrðingum. Hins vegar er það staðfest að Harry Styles hafi yfirgefið umboðsfyrirtækið sem sér um sveitina og því líklegt að hann sé á leiðinni að hefja sólóferil líkt og félagar hans fyrrverandi, Zayn og Liam.

Liam og söngkonan Cheryl Cole byrjuðu saman snemma á árinu en hún virðist ekki vera með söngvaranum í för. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

DACIA

www.dacia.is

Hugsanlega sennilega

# STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI

## DACIA LOGAN MCV DÍSIL




Verð kr.

**2.690.000** þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.;** Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar
María Elísabetar Bragadóttur



# Hljóðin endalaus

Ímynda mér til gamans að hljóðöldur deyi ekki út. Aragrúi orða sem féllu fyrir árþúsundum síðan eru enn á ferðalagi um heiminn. Kveinstafir, bollaleggingar, siðfágaðar rökræður. Uppgjör elskenda og hatursfull rifrildi svarinna óvina. Þú líka Brútus, af hverju borða þau ekki bara kökur, ég á mér draum, ekki gleyma að kaupa klósettpappír, nei takk, ég hef óbeit á túnfisksalati. Hurðarskellur, ískrandi hlátur, lágvært snökt.

Syngjandi bíbbið í verðskönnum lifir eilíflega. Rennur saman við sverðaglamur úr forneskju og einhver teygir sig í flatkökubréf. Brúnskellóttur, ókunnugur hundur eltir skottið sitt í fimm sekúndna upptöku á Snapchat. Þú nærð augnsambandi við sjálfa þig í spegli með sporöskjulaga bambusramma. Hvað kostar flugmiði til Balí? Kannski hefðirðu átt að fara í listnám. Þú ættir að fjárfesta í djúpsteikingarpotti. Eða eyða Facebook-aðganginum þínum og gróðursetja tré. Eða prófa fitufrystingu. Fyndið hvað árin líða hratt, ég meina áratugirnir.

Ég hleyp í loftköstum fram af hjara disklaga heims og hrapa í frumstæðu myrkri. Hrapa umvafin nýjum og fornum orðaskiptum þó mannseyrað greini þau ekki. Ranka svo við mér á leigumarkaðnum, haldandi á ískaldri, sólgulri mímósu. Kampavínsglasið samt kámugt. Mótsagnir alls staðar! Haustið angar til dæmis bæði af nýju upphafi og rotnandi laufblöðum. Sennilega endist mér ekki ævin til að njóta lífsins til fullnustu, segi ég við vinkonu. Ímynda mér orðin bergmálandi um aldur og ævi. Hljóðöldur sem deyja ekki út. Þýðingarlaus, ljóslifandi augnablik verða ódauðleg, snerta óvart hversdagsleika fólks í framtíðinni.







